

MARGRÉT ERLA MAACK

Lætur fara vel um sig í rauða leikhússtólnum

• heimili
ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Glermósaík og granít í eldhúsinu

sérblað um fasteignir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



llægra verð

Apótekið

Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. nóvember 2008 – 315. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Upphafið að einhverju nýju

Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri fagnar sextugsafmælinu í París.

TÍMAMÓT 16



Latibær á leikjatölvum

Magnús Scheving vinnur að því að Latabæjar-tölvuleikir verði framleiddir.

FÓLK 19



Frestarinn


Ráðamenn hafa gert íslenska þjóð að viðundri með ósæmilegu flaðri upp um Rússa,“ segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14


Stólarnir í þriðja sætinu

Svavar Birgisson tryggði Tindastóli sigur á Þór Akureyri í baráttunni um Norðrið.

ÍPRÓTTIR 22



VEÐRIÐ Í DAG



ÉL FYRIR NORÐAN Í dag verða vestan 5-13 m/s, stífastur A-til en lægir með deginum. Él eða slyddu-él N-til en annars yfirleitt úrkomulaust. Híti 0-7 stig í fyrstu en vægt frost N- og A-lands síðdegis.

VEÐUR 4

Samkomulag um að Ísland borgi innistæður Icesave

Mikilvægt skref hefur verið tekið til að leysa milliríkjadeilu Íslendinga vegna Icesave-reikninganna. Ísland ábyrgist lágmarkstryggingu til innistæðueigenda erlendis. Fjárhagslegri aðstoð til Íslands verður hraðað.

EFNAHAGSMÁL Fjórutíu dögum eftir að milliríkjadeila skall á við Breta vegna Icesave-reikninga Landsbankans hillir undir lausn í málinu. Samkomulag náðist í gær á milli íslenskra stjórnvalda og Evrópusambandsins um innistæðutryggingar vegna íslenskra bankaútibúa á Evrópska efnahagssvæðinu. Niðurstaðan markar þáttaskil, segir utanríkisráðherra, og fjárhagsleg aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum verður afgreidd í vikunni.

Niðurstaða þrotlausra samninga-umleitana undanfarinna vikna er

að stjórnvöld viðurkenna að þeim beri að tryggja innistæður í samræmi við lög um tryggingasjóð innstæðureikninga. Hver sú upphæð verður er háð sölu á eignum Landsbankans. Í versta falli nemur hún um 640 milljörðum íslenskra króna. Sala á eignum hefst líklega ekki fyrr en eftir eitt til þrjú ár og niðurstöðu deilunnar í heild er ekki að vænta um langt árabíl.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að Ísland hafi með samkomulaginu fengið ríkari viðurkenningu á sérstöðu sinni „og það verði ekki gengið þannig til

verks við uppgjör þessara reikninga að þjóðin standi ekki undir því. Það verður tekið ríkt tillit til þeirrar stöðu sem komin er upp hér.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir að þau skilaboð hafi komið frá löndum Evrópusambandsins að vonlaust væri að fá lánaþyrirgreiðslu nema samkomulag um Icesave-reikningana væri í höfn. Hún telur samkomulagið marka þáttaskil í viðreisn íslensks efnahagslífs og samfélagsins í heild. Hún viðurkennir þó að ljón geti enn verið á

veginum enda sé deilan sú erfiðasta sem þjóðin hafi þurft að glíma við.

Umsamin viðmið í framhaldsviðræðum gera ráð fyrir að sérstakt tillit verður tekið til stöðu Íslands „og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt,“ eins og segir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar um málið. Rætt hefur verið um það við Breta og Hollendinga að lána Íslendingum fyrir greiðslu til reikningseigenda og endurgreiðsla þeirra lána hefjist ekki fyrr en eftir nokkur ár.

- shá / sjá síðu 4



SIGURVEGARINN BALTASAR KORMÁKUR Agnes Johansen, meðframleiðandi Brúðgumans, fylgist með Baltasar Kormáki á sviðinu í Háskólabíói.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Baltasar Kormákur og Egill Helgason sigurvegarar kvöldsins á Edduhátíðinni:

Brúðguminn fékk sjö Eddur

MENNING „Þetta er frábært, báðar þessar myndir fengu fullt af verðlaunum,“ sagði Baltasar Kormákur í gærkvöld, sem var tvímælalaust sigurvegari kvöldsins á Edduverðlaunahátíðinni í gær.

Kvikmynd hans Brúðguminn hlaut sjö Edduverðlaun og Reykjavík-Rotterdam, kvikmynd Óskars Jónssonar þar sem Baltasar fór með aðalhlutverkið, fékk fimm verðlaun.

„Að sjálfsgöðu,“ segir Baltasar þegar spurt er hvort stefnan sé ekki næst tekin á Óskarinn, en Brúðguminn er framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna í vor.

Brúðguminn var kvikmynd ársins, en leikstjóri ársins var Óskar Jónsson, sem leikstýrði Reykjavík-Rotterdam. Leikkona ársins í aðalhlutverki var Sólveig Arnarsdóttir í sjónvarpsmyndaflokknum Svartir Englar, en leikari ársins í aðalhlutverki

var Hilmir Snær Guðnason í Brúðgumanum.

„Mér þykir óskaplega vænt um þetta,“ segir Egill Helgason, sem var valinn sjónvarpsmaður ársins, auk þess sem Silfur Egils var kosinn besti fréttá- eða viðtalsþáttur ársins og Kiljan besti menningar- eða lífsstílsþáttur ársins. „Það er voða gaman að fá viðurkenningu fyrir þessa tvo þætti sem eru dálítið ólíkir,“ segir Egill Helgason.“

- gb

Innsetningarathöfn Obamas:

Búist við yfir milljón manns

BANDARÍKIN, AP Þúsundir manna sitja nú um bandaríska þingmenn að biðja um miða á innsetningarathöfn Baracks Obama, sem tekur við forsetaembættinu 20. janúar næstkomandi.

Hver þingmaður fær 200 til 500 miða til að deila út, en eftirspurnin er svo mikil að sumir þeirra eru hættilir að taka við óskum.

Búist er við að meira en milljón manns mæti til að fylgjast með þegar fyrsti þeldökki maðurinn tekur við forsetaembættinu. Jafnvel er búist við að metið frá 1965 falli, en þá mættu 1.200 þúsund manns til að fylgjast með þegar Lyndon B. Johnson varð forseti.

- gb



BARACK OBAMA

MINNA AF SYKRI MEIRA AF ÁVÖXTUM

Kafbátur mánaðarins

BMIT 6 tommu bátur

329kr.

SUBWAY

Gildir í nov. 08. Gildir ekki með öðrum tilboðum s.s. Stjörnmalí

TENGI

MORA INXX Blöndunartæki

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050



Guðríður, er stuttur í ykkur kveikþráðurinn?

Já, hverfið logar af óánægju.

Guðríður Jóhannesdóttir lögræðingur er ein af fjölmörgum íbúum við svokallaðan Baldursgötuereit sem hafa kvartað yfir yfirgefnu húsi í hverfinu. Húsið brann á laugardag en við því höfðu nágrannar varað. Slökkvilið og eigandi hússins hafa ekki brugðist við kvörtunum. Grunur leikur á því að kveikt hafi verið í húsinu.



Í SEXTÍU MÍNÚTUM Fréttamaðurinn Steve Kroft ræðir við Barack og Michelle Obama.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama og repúblíkanar:

Deilt um örlög bílaiðnaðarins

BANDARÍKIN, AP „Ef bílaiðnaðurinn hrynur alveg væri það stórslys í þessu ástandi,“ sagði Barack Obama, nýkjörinn Bandaríkjaforseti, í viðtali í bandaríska fréttaskýringarþættinum 60 mínútur í gær.

Hann lagði mikla áherslu á að björgunaraðgerðir ríkisins, í þeim efnahagsvanda sem Bandaríkin eiga við að stríða, gögnumust bílaiðnaðinum.

Harðsnúnir repúblíkanar á Bandaríkjaþingi eru þó engan veginn sammála þessu mati hans. Þeir segja bílaiðnaðinn vera „risaeðlu“ sem brátt standi frammi fyrir örlagaríku reikningsuppjöfri.

- gb

TAÍVAN

Forsetinn á sjúkrahús

Fyrirverandi forseti Taívans, Chen Shui-bian, var í gær fluttur á sjúkrahús vegna hjartsláttartruflana. Chen hefur verið í hungurverkfalli frá því á miðvikudaginn þegar hann var handtekinn og færður í fangelsi.

RÚSSLAND

Nýr flokkur stofnaður

Nýr stjórnmálaflokkur var stofnaður í Rússlandi í gær, og hlaut nafnið Réttur málaástandur. Hann er hliðhollur stjórnmálum, en er stofnaður upp úr leifunum af fyrirverandi stjórnarandstöðuflokki og tveimur minni hópum.

Efnahagsmál og hugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu fyrirferðarmikil:

Flýta landsfundum flokkanna

STJÓRN MÁL Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, segir að verði ákveðið að efna til alþingiskosninga verði dagsetning landsfundar endurskoðuð. Hann segir að þar á bæ hafi hins vegar ekkert verið rætt um að flýta landsfundum flokksins sem áætlaður er í nóvember á næsta ári.

Landsfundum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins verður flýtt og þeir haldnir í janúar næstkomandi samkvæmt ákvörðunum flokksstjórnar Sjálfstæðisflokksins og miðstjórnar Framsóknarflokksins. Landsfundum flokkanna er flýtt í ljósi stöðu efnahagsmála og þá þykir víst að



LANDSFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR Samfylkingin heldur flokksstjórnarfund um næstu helgi en slíkar samkomur

Evrópumál og hugsanleg innganga Íslands í Evrópusambandið verði fyrirferðarmikil á fundinum.

Drífa Snædal, framkvæmdastýra Vinstri grænna, segir enga

ákvörðun hafa verið tekna um að flýta landsfundum flokksins. „Við erum að skipuleggja tíu ára afmæli flokksins fyrstu helgina í febrúar og flokksráðsfund í tengslum við það en svo er ætlunin að halda landsfund í október á næsta ári,“ segir Drífa.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir landsfund flokksins áætlaðan um miðjan apríl. Engin afstaða hafi verið tekin til þess að flýta landsfundum. „En ef mál þróast þannig að það sé eitthvað að draga til alþingiskosninga þá munum við auðvitað flýta landsfundum,“ segir Guðjón Arnar

- ovd

Jarðskjálfti við Indónesíu:

Íbúarnir flúðu út úr húsum

INDÓNESÍA, AP Öflugur jarðskjálfti, sem mældist 7,5 stig, varð í gær 135 kílómetra úti af norðurströnd Sulawesi-eyju, sem tilheyrir Indónesíu. Flóðaviðvörðun var gefin út, en hún var síðan afturkölluð skömmu síðar.

Engar fréttir bárust af manntjóni eða eignaskemmdum, en hús á eyjunni skuldu og íbúarnir flúðu út á gótur skelfingu lostnir.

Sterkur eftirskjálfti varð skömmu síðar.

Fyrir tæpum fjórum árum varð harður jarðskjálfti úti af strönd Indónesíu. Hann olli gríðarlegri flóðbylgju sem kostaði meira en 230 þúsund manns lífið.

- gb

Bæjarstjórum berst fjöldi fyrirspurna

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru í miklum mæli farnir að horfa til landsbyggðarinnar í leit að atvinnu og húsnæði. Bæjar- og sveitarstjórar segjast sjá framtíðartækifæri úti á landi í því erfiða efnahagsástandi sem nú ríkir.

EFNAHAGSMÁL „Síðustu vikur höfum við fundið fyrir miklum áhuga fólks á búsetu í Vestmannaeyjum. Margar fyrirspurnir hafa borist, bæði til mín og atvinnurekenda,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Efnahagsástandið hefur gert það að verkum að margir höfuðborgarbúar líta til landsbyggðarinnar í von um atvinnu. Bæjarstjóri í Snæfellsbæ og sveitarstjóri í Skagafirði taka í sama streng og segja umleitnir um atvinnu hafa aukist töluvert upp á síðkastið, og von sé á að enn bætist við.

Spurður um atvinnuhorfur þeirra sem kjósa að flytja til Vestmannaeyja segir Elliði að góðir hlutir gerist hægt. „Við erum kannski ekki alveg tilbúin til að útvega atvinnu fyrir alla einn, tveir og þrír. Hér er hins vegar nægt húsnæði og feikilega mikil þjónusta. Við höfum hér stórt sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra, framhaldsskóla, tvo barnskóla og þrjá leikskóla og gætum auðveldlega, og með mjög litlum breytingum, þjónustað um 7.000 manns, þótt hér búi einungis um 4.000 manns.“

Í fyrsta sinn í átján ár mældist fjölgun á íbúum bæjarins fyrri hluta ársins. Elliði segir þar mestu ráða væntingar fólks um stórbreytt samgöngur með ferju í Landeyjahöfn. „En fólk er líka að flytja hingað vegna þess að á næstu árum verða lífsgæðin á stöðum eins og þessum meiri en annars staðar. Hér er fólk ekki að missa vinnuna, stór hluti samfélagsins er tekjuhár og með



VESTMANNAEYJAR/ÆR Bæjarstjóri segir íbúa Vestmannaeyja ekki þurfa að kvíða atvinnuleysi ef ráðamenn þjóðarinnar beri gæfu til að gæta að áhrifum pólitískrar umræðu á sjávarútvegsstefnunna.

tíltölulega tryggja atvinnu. Hinn mikli samfélagslegi vilji til að lifa af sjávarútvegi og gera það besta úr auðlindinni breyttist ekkert í þensluhverfinu. Við erum fiskveiðisamfélag og það eina sem getur breytt því eru misvitrar ákvarðanir og vanhugsuð örþrífarað stjórnmálamanna,“ segir Elliði.

Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri í Skagafirði, segir eðlilegt að fólk horfi til landsbyggðarinnar í leit að atvinnu og búsetu. „Hér í sveitarfélaginu munum við reyna að halda uppi því atvinnustigi sem verið hefur. Hér eru traust og öflug fyrirtæki og margt í kortunum sem gefur okkur tækifæri í framtíðinni. Hér hefur verið nóg

að gera hjá iðnaðarmönnum og heldur vantað fólk en hitt. Það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvað er fram undan en við erum til í slaginn,“ segir Guðmundur.

„Síðustu vikur hefur borist á því að fólk sem hefur tengingu við staðinn, á kannski foreldra hér eða frændfólk, komi hingað til að vinna, oft án fjölskyldunnar,“ segir Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ. Hann bætir við að nú sé ólíkt auðveldara fyrir sveitarfélagið að fá alls kyns þjónustu en verið hefur. „Nú eru alls konar höfðingjar að banka upp á og bjóða þjónustu sína sem ekki vildu tala við okkur fyrir sex árum,“ segir Kristinn.

kjartan@frettabladid.is



EFTIR ELDINN Styr hefur staðið um húsið sem brann á laugardaginn og hefur eigandi þess viljað rífa það svo hægt sé að byggja nýtt og stærra hús þess í stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bruninn á Baldursgötu:

Enginn verið yfirheyrður

BRUNI Grunur leikur á að kveikt hafi verið í yfirgefnu húsi við Baldursgötu. Eldur kom upp í húsinu um klukkan hálf þögur á laugardaginn og var allt tiltækt slökkvilið sent á staðinn.

Rannsókn stendur yfir á upptökum eldsins en fyrir liggur að húsið var rafmagnslaust þegar eldurinn kom upp. Friðrik Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá rannsóknardeild lögreglunnar, segir ekki ólíklegt að eldurinn sé af mannavöldum þótt enn sé of snemmt að segja til um slíkt. Hann segir að enn hafi enginn verið yfirheyrður vegna málsins en eftir eigi að fara yfir niðurstöður tæknideildar lögreglunnar.

- ovd

Vasapjófar sendir úr landi:

Komu gagnert til að stela

LÖGREGLUMÁL Tvær erlendar konur, sem handteknar voru í Kringlunni á föstudag fyrir að hafa stolið peningavegskjum, voru sendar úr landi í gær. Vísir.is greindi frá þessu í gær.

Konurnar eru grunaðar um að hafa stundað vasapjófnad víða í höfuðborginni undanfarna daga en talið er að þær hafi komið gagnert hingað til lands til þess að stela.

- ve

Neyðarfundur leiðtoga tuttugu ríkja í Washington skilur fátt áþreifarlegt eftir sig:

Ætla að ræða betur saman

BANDARÍKIN, AP Þótt Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hafi sagt leiðtogafundinn í Washington sögulegan, mikilvægan og árangursríkan þá tókst leiðtogum Evrópuríkja ekki ætlunarverk sitt.

Þeir höfðu gert sér vonir um að fá George W. Bush Bandaríkjaforseta til þess að fallast á að heimsviðskiptakerfið yrði stokkað upp og endurnýjað frá grunni.

Þess í stað komu leiðtogarnir sér saman um að halda áfram að tala saman. Þeir voru sammála um að gera þurfi ráðstafanir til að bjarga efnahag ríkjanna frá hruni, en gátu ekki komið sér saman um neinar áþreifarlegar aðgerðir til að ná því marki.

„Það sem nú skiptir máli er að fylgja þessu eftir í verki,“ segir Robert Zoellick, forseti Alþjóðabankans í Washington.

Hvernig til tekst er að verulegu leyti komið undir því hvernig Barack Obama, sem tekur við af Bush sem forseti Bandaríkjanna í janúar, mun taka á málunum.

Á neyðarfundinum í Washington mættu leiðtogar frá helstu iðnríkjum heims ásamt ört vaxandi hagkerfum á borð við Kína og Indland.



DIMÍTRÍ MEDVEDEV OG GEORGE W. BUSH Leiðtogar Rússlands og Bandaríkjanna voru meðal þeirra sem sóttu fundinn.

NORDICPHOTOS/AFP

Mikilvægi fundarins felst fyrst og fremst í því að leiðtogar þessara ríkja hafi komið saman til að ræða þann vanda, sem nú er við að etja. Með því hafi þeir sýnt fram á sameiginlegan vilja sinn til að takast á við vandann.

- gb

FÖÐURLAUS

SONUR NÍU MÆÐRA

Fæðing út um eyra og föðurlaus sonur níu mæðra eru dæmi um furður sem fjallað er um í þessari skemmtilegu bók eftir Jón Björnsson.

„Jóni tekst vel upp. Frásagnir hans eru skörinortar, lifandi, léttar og oftast bráðfyndnar.“
PH, Mbl.

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

0 kr. út

- og þú ert í sambandi
úti og inni!

3G farsími og 3G pungur



VERÖLD NOVA

Sony Ericsson G502

útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Staðgreitt: 24.000 kr.



3G internet + 3G pungur

0 kr. útborgun

Afborgun 1.990 kr. á mán.
Allt að 5 Mb/s hraði og 5GB innifalið.

Staðgreitt: 24.000 kr.

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun
í 12 mánuði greidd með kreditkorti
+250 kr./mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort.

Ný tegund!

Netið í símann
frítt til 1. jan!

**0 kr. Nova
í Nova!**

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	134,32 134,96
Sterlingspund	199,12 200,08
Evra	170,52 171,48
Dönsk króna	22,894 23,028
Norsk króna	19,317 19,431
Sænsk króna	17,007 17,107
Japanskt jen	1,3822 1,3902

SDR 198,14 199,32

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

228,7913

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

LÁN NÚ LÍKLEGRA



„Þetta er bara samkomulag um að gera samkomulag,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Hann segist ekki vita hvað samkomulagið feli í sér, annað en að vegna þess séu líkur á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veiti Íslendingum lán. „Þar til búið er að upplýsa okkur í stjórnarandstöðunni um hvað samningurinn felur í sér þá getur maður illa tjáð sig um þetta.“

- ovd

UPPGJÖF OG TAP



„Það væri nær að tala um uppgjöf eða tap en að tala um lausn,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann vísar til yfirlýsinga forsætisráðherra. „Þegar sagt var að ekki kæmi til greina að skrifa upp á þetta allt saman og að Íslendingar áskildu sér rétt til að fá lagalegar og réttarfarslegar niðurstöður í þetta.“

Nú virðist það blasa við að menn ætli að láta Evrópusambandið þvinga sig til að ná pólitísku samkomulagi og þar með sé gengist undir þvingunarskilmála sambandsins og IMF.

- ovd

EKKI UM NEITT



„Ég tel að það hafi ekki verið um neitt annað að ræða en að semja,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. Hún segir að vegna óraunsæis ríkisstjórnarinnar hafi samningar tafist um margar vikur.

„En þetta er svo sem samningataktík Sjálfstæðisflokksins, að halda að það sé hægt að komast upp með að eiga samskipti við aðrar þjóðir með þessum hætti.“ Hún segist þó ekki vilja afsaka framkomu Bretá í garð Íslendinga.

- ovd

Bregðast við auknu atvinnuleysi með því að kynna atvinnutækifæri erlendis:

Vinumálastofnun vísar fólki út

VINNUMARKAÐUR Færst hefur í aukana að atvinnulausu fólki sem sækir fundi hjá Vinnumálastofnun séu kynnt atvinnutækifæri á erlendri grundu. „Við miðlum störfum í gegnum evrópsku vinnumiðlunina Euros jafnt í útlöndum sem innanlands,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Allir þeir sem sækja um atvinnuleysisbætur þurfa að sitja tveggja stunda kynningarfund hjá Vinnumálastofnun. Aukningu á kynningu starfa erlendis má tengja við erfitt atvinnu- og efnahagsástand hér á landi.

Gissur segir þetta koma til þar

sem atvinnuleitendur, sér í lagi yngra fólk, spyrji talsvert um störf erlendis. „Okkur eru einnig að berast verkbeidnir frá útlöndum,“ segir Gissur og nefnir Noreg og Holland sem dæmi.

Hann segir Vinnumálastofnun vísa fólki þangað sem störf eru í boði, hvort sem það er innanlands eða erlendis. „Það má segja að þetta sé þjónusta sem við erum að veita. Þetta er partur af okkar vinnumiðlun,“ segir Gissur. Þá segir hann aukna spurn eftir Íslendingum í vinnu erlendis og því reyni Vinnumálastofnun að koma slíkum tilkynningum á framfæri.

- ovd



GISSUR PÉTURSSON Segir ungt fólk sýna störfum erlendis mikinn áhuga.

Ísraelar stöðvi landtökufólk

ÍSRAEL, AP David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, leggur hart að ísraelskum ráðamönnum að stöðva starfsemi ísraelskra landtökumanna á herteknu svæðunum.

Miliband hefur einnig þrýst á önnur evrópsk ríki um að takmarka enn frekar innflutning til Evrópuríkja frá landtökusvæðum, og sjá til þess að á vörur þaðan verði ekki litið sem vörur frá Ísrael.

Miliband er í tveggja daga ferð til Ísraels og Sýrlands og hyggst hvetja Sýrlandinga til að hefja samningaviðræður á ný við Ísrael.

- gb

Ábyrgð Íslands viðurkennd í deilunni um Icesave-reikninga

Stjórnvöld hafa náð samkomulagi við Evrópusambandið um Icesave-reikningana. Ísland tryggir innistæður í samræmi við lög, umfram það sem fæst fyrir eignir Landsbankans. Aðstoð við Ísland verður hraðað.

EFNAHAGSMÁL Samkomulag hefur náðst við Evrópusambandið um Icesave-reikninga Landsbankans. Með samkomulaginu viðurkenna stjórnvöld að þeim beri að tryggja innistæður í samræmi við lög um tryggingasjóð innstæðureikninga. Hver sú upphæð verður er háð sölu á eignum Landsbankans. Í versta falli nemur sú upphæð 640 milljörðum íslenskra króna. Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum verður væntanlega afgreitt á miðvikudaginn og önnur lánaþingreiðsla í kjölfarið, að sögn forsætisráðherra.

„Það kom í ljós að við vorum ekki að eiga við Hollendinga og Bretá heldur Evrópusambandið í heild sinni. Við máttum það svo að það væri skynsamlegt að ganga til þessa samkomulags og stefna ekki EES-samningnum og öðrum mikilvægum samningum í hættu,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær. „Það hefur einnig gerst að við höfum fengið ríkari viðurkenningu á okkar sérstöðu og það verði ekki gengið þannig til verks við uppgjör þessara reikninga að þjóðin standi ekki undir því. Það verður tekið ríkt tillit til þeirrar stöðu sem komin er upp hér.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði að skilaboð hefðu komið frá fjölda ríkja um að lánaþingreiðsla vegna efnahagsvandans fengist ekki fyrr en búið væri að höggva á hnúttinn í deilunni um innlánsreikningana. „Norðurlöndin ætla að lána okkur það sem vantar upp á til viðbótar við lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“

Það kom í ljós að við vorum ekki að eiga við Hollendinga og Bretá heldur Evrópusambandið í heild sinni.

GEIR H. HAARDE FORSETISRÁÐHERRA

Skilaboðeirra voru skýr um að slík fyrirgreiðsla fengist ekki án þessa samkomulags. Ingibjörg sagði jafnframt að málið væri svo stórt í sniðum að Evrópuríki líti svo á að án samkomulags gæti fjármálakerfi álfunnar allrar verið í hættu.

Í samkomulaginu felst að Íslendingar viðurkenna að þeim beri að tryggja innistæður að hámarki 20.877 evrur á hverjum reikningi í samræmi við lög um tryggingasjóð innstæðueigenda. Í framhaldi af þessu munu Íslendingar hefja viðræður við Bretá og Hollendinga um hvernig staðið verði að því að greiða út peningana. Upphæðin sem um ræðir er 640 milljarðar fáið ekkert fyrir eignir Landsbankans. Að sögn fyrrverandi stjórnenda bankans munu eignirnar duga fyrir skuldum. Hver niðurstaðan verður ræðst ekki fyrr en eftir nokkur ár, eins og kom fram í viðtali Fréttablaðsins við utanríkisráðherra á föstudag.

Ingibjörg Sólrún segir að þrátt fyrir að samkomulagi hafi verið náð sé ekki útilokað að ljón séu enn í veginum. Þau Geir eru samála um að samkomulagið marki þáttaskil í glímunni við þann vanda sem við er að etja hérlendis.

svavar@frettabladid.is



LAUSN Í SJÓNÁLI Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eru sammála um að samkomulagið marki þáttaskil.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

UMSAMIN VIÐMIÐ VEGNA DEILUNNAR

1. Ríkisstjórn Íslands hefur átt viðræðufundi með stofnunum Evrópusambandsins og hlutaðeigandi aðildarríkjum þess um skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að því er tekur til tilskipunar um innstæðutryggingar 94/19/EB. Aðilar komu sér saman um að tilskipunin um innstæðutryggingar hafi verið felld inn í löggjöfina um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gildi því á Íslandi með sama hætti og hún gildir í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

2. Viðurkenning allra aðila á þessari lagalegu stöðu greiðir fyrir skjótri niðurstöðu samningaviðræðna þeirra sem nú standa yfir um fjárhagsaðstoð við Ísland, þar með talið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessar samningaviðræður skulu fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og skal þar tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

3. Stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins munu taka áframhaldandi þátt í þessu ferli sem fer fram í samráði við þær.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

verða afhent í 15. skipti í janúar 2009 Óskað er eftir tillögum að tilnefningum



Skilafrestur til 28. nóvember 2008 Nánari upplýsingar á www.iston.is

VEÐURSPÁ




Elisabet Margeisdóttir Veðurfréttamaður

HLÝNAR Á MORGUN

Þótt það kólni eftir því sem líður á daginn í dag þá mun hlýna strax á morgun en horfur eru á að það kólni á ný með miðvikudeginum. Á fimmtudag verður hiti víða í kringum frostmark og talsvert frost norðanlands.

Á MORGUN Suðvestan 3-10 m/s, stífari V-tíl.



MÍÐVIKUDAGUR Vestan 8-15 m/s, kólnandi veður.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	6°
Billund	6°
Ósló	2°
Stokkhólmur	1°
Gautaborg	6°
London	12°
Paris	9°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	7°
Berlín	7°
Alicante	19°
Mallorca	18°
Basel	7°
Eindhoven	10°
Las Palmas	22°
New York	9°
Orlando	20°
San Francisco	23°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

NYJA ÍSLAND!

ÞÚ GETUR GRÆTT 1.000.000 Á ÞESSUM JEPPA

ERT ÞÚ Í BÍLAHUGLEIÐINGUM?

Nú bjóðum við vandaða, næstum nýja jeppa, t.d. Mitsubishi Pajero, Volkswagen Touareg, Kia Sorento og Audi Q7, á 20% afslætti frá ásettu verði. Komdu í heimsókn og kynntu þér frábært verð á næstum nýjum jeppum.

Við erum í samningaskapi!



MM Pajero Intense Dísel



Nýskráður júlí 2007
Sjálfskiptur
Ekinn 45.000 km.

Ásett verð: 5.550.000
Tilboðsverð: **4.440.000**

Kia Sorento EX Dísel



Nýskráður júlí 2007
Beinskiptur
Ekinn 25.000 km.

Ásett verð: 3.350.000
Tilboðsverð: **2.680.000**


Kia Sorento Dísel



Nýskráður október 2005
Sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km.

20%
VERÐLÆKKUN

Sjáðu auglýsingarnar á www.heklanotadibirar.is



Opíð 10-18 virka daga | Opíð 12-16 laugardaga

Kletthálsi | sími 590 5044 | www.heklanotadibirar.is | notadibirar@hekla.is



KJÖRKASSINN



Telur þú að flytja eigi kosningum til Alþingis?

Já	70,4%
Nei	29,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Velur þú innlenda framleiðslu fram yfir innflutta vöru?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Prjór bílveltur á Suðurlandi: Óhöpp rakin til hálfu og hraða

LÖGREGLUMÁL Þrjár bílveltur urðu í umdæmi lögreglunnar á Selfossi í gær en engin alvarleg slys urðu á fólki.

Tvennt var þó flutt á sjúkrahús með höfuðverka eftir að bíll þeirra valt á Suðurlandsvegi rétt vestan við Þjórsárbrú. Ökumaður slapp án meiðsla þegar bíll hans valt á Skeiðavegi og tveir sluppu ómeiddir þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum, með þeim afleiðingum að hann fór útaf og lenti á hvolfi, í Úthlíð í uppsveitum Árnessýslu.

Að sögn varðstjórans á Selfossi voru bílarnir allir í óökuhæfu ástandi og fjarlægðir með dráttarbilum. Hann rekur óhöppin til mikillar hálfu og þess að ekið var of hratt miðað við aðstæður. - v



BÆJARSTJÓRN HVERAGERÐIS Fjárhagsáætlun er unnin í samstarfi.

Bæjarfulltrúar í Hveragerði:

Vinna saman í fjármálakreppu

HVERAGERÐI Meirihluti og minnihluti í bæjarstjórn Hveragerðis ætla að taka höndum saman í kreppunni. Bæjarfulltrúar segja ástandið þannig að „brýna nauðsyn beri til að bæjarfulltrúar slíðri hin pólitísku sverð“ og vinni saman að fjárhagsáætlun.

Stefnt sé að því að tryggja rekstur sveitarfélagsins og grunnþjónustu þess. Markmið yfirlýsingar bæjarfulltrúa er að nýta slagkraft bæjarins og standa vörð um lífsgæði og þjónustu. - gar

Íslendingur er eini gerviaugnasmiðurinn í Danmörku og á Íslandi:

Æfði sig á vinkonu með himinblá augu

FÓLK Einn Íslendingur starfar við augnsmíði og er hann eini augnsmíðurinn í Danmörku og á Íslandi. Stefán R. Baldursson þarf aðeins að horfa í augu fólks í stutta stund og getur síðan málað gerviauga. Hann framleiðir gerviaugu og augnskeljar úr plastefninu akrýl og blandar sína eigin liti úr dufti. Stundum heppnast það svo vel að jafnvel augnlæknar sjá ekki muninn.

„Þetta er alveg rétt en ég get ekki skýrt þetta út,“ segir Stefán. „Það truflar mig í rauninni að horfa alltof mikið. Mér finnst betra að geyma myndina í hausnum en það segir líka að maður málar eftir tilfinningunni.“

Stefán lærði augnsmíði í Englandi og hefur starfað við hana frá 1985. Hann starfaði á Moorfields-augnsjúkrahúsinu í London fyrstu árin en Danir áttu í erfiðleikum með bláa litinn í dönskum augum og höfðu mikið samband við hann.

„Danski augnliturinn er enn blárrí en sá íslenski. Þeir, sem sinntu þessu áður, náðu ekki þess-



STEFÁN R. BALDURSSON

um lit og spurðu hvort ég gæti leyst úr því og það endaði með því að ég ákvað að flytja til Danmerkur árið 1999 þegar ég stofnaði augnsmíðastofu í Kaupmannahöfn,“ segir Stefán.

Hann segist hafa verið fenginn til að gera blá augu vegna þess að hann sé Íslendingur. „Á Íslandi er miklu blárrí litur en blái liturinn í Bretlandi en í Danmörku, Svíþjóð og Noregi er hann ennþá blárrí. Þegar ég kom hingað fyrst hafði ég samband við danska vinkonu mína, sem er með himinblá augu, og það hana að sitja fyrir meðan ég var að æfa mig í að ná danska bláa litnum.“

Aðeins einn af hverjum þúsund



BLÁRRÍ LITUR EN Í BRETLANDI „Á Íslandi er miklu blárrí litur en blái liturinn í Bretlandi,“ segir Stefán R. Baldursson augnsmíður.

þarf á gerviaugum að halda. Það gerir aðeins um 300 Íslendinga en 6.000 Dani.

- ghs

Seðlabankastjórnin víki og Már taki við

Jón Steinsson, hagfræðingur og lektor við Columbia-háskóla, segir Seðlabankann hafa gert röð mistaka í efnahagskreppu síðustu vikna. Hann vill að bankastjórnin segi af sér og telur Má Guðmundsson hæfastan til að taka við stjórninni.

STJÓRNMÁL Seðlabankinn hefur gert röð mistaka síðan efnahagskreppan hófst og mörg þeirra mistaka hafa verið afar skaðleg fyrir Ísland.

Þetta er mat Jóns Steinssonar, hagfræðings og lektors við Columbia-háskólann í New York.

Fyrir helgi ritaði Jón grein á vefritið deiglan.com undir yfirskriftinni „Höfum við efni á pólitískum stöðuveitingum?“ Svar Jóns sjálfs er nei en í greininni segir hann ráðningu Davíðs Oddssonar í stöðu Seðlabankastjóra gott dæmi um að fagleg sjónarmið víki fyrir flokkspólítík við ráðningar í opinberar stöður. „Aðgerðir hans [Davíðs] og ummæli á síðustu vikum og mánuðum hafa gert það að verkum að fjöldi erlendra stórblaða hefur birt greinar sem hæðast á honum og hæðast í leiðinni að íslensku þjóðinni,“ segir í greininni.

Í samtali við Fréttablaðið nefnir Jón þrjú dæmi um gjörðir Davíðs og bankastjórnarinnar sem hann metur skaðlegar. Í fyrsta lagi tilraunir til að festa gengi krónunnar, í öðru lagi yfirlýsingar Davíðs í Kastljósviðtali og í þriðja lagi ótímabæra lækkun stýrivaxta fáum dögum áður en þeir voru hækkaðir á ný. Þá segir Jón að ekki megi líða að Davíð hafi hótad að taka Kaupþing niður en Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, upplýsti nýverið að Davíð hefði viðhaft slíkar hótanir.

„Allt er þetta mjög skaðlegt eins og kemur fram í erlendum blöðum og samtölum sem ég hef



VÍKI Jón Steinsson vill að Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson stígi upp úr stól sínum í Seðlabankanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



JÓN STEINSSON

Spurður hvort bankinn hafi ekki gert neitt rétt út frá hagfræðilegum sjónarmiðum segir Jón það of djúpt í árinu tekið. „Ég tel til dæmis að vaxtastefna bankans fram að krísu hafi verið rétt og er þar í minnihluta. En hann brást ekki rétt við krísunni.“

Það er álit Jóns að bankastjórnarnir þrír, Davíð, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, eigi allir að segja af sér. „Þó að í

átt við erlenda aðila. Þeir bera ekki traust til Íslendinga þar sem viðbrögð Seðlabanks við krísunni hafa verið út og suður og í raun óskiljanleg,“ segir Jón.

sumum tilvikum hafi það verið Davíð sem tók ákvarðanirnar bera þeir hinir alveg jafn mikla ábyrgð.“ Að mati Jóns er Már Guðmundsson, fyrrverandi aðalhaf-fræðingur Seðlabanks og núverandi starfsmaður Alþjóðagreiðslubankans, langhæfastur Íslendinga til að stýra Seðlabankanum. „Már er ekki sjálfstæðismaður og svo að hann geti orðið formaður bankastjórnar Seðlabanks þarf Sjálfstæðisflokkurinn að gefa þá stöðu eftir. En það er nákvæmlega slík hugarfarsbreyting sem er nauðsynleg. Hæfni á að ráða ferðinni.“

Jón Steinsson var forsætisráðherra til ráðgjafar um nokkurra daga skeið í aðdraganda hruns fjármálakerfisins.

bjorn@frettabladid.is



SEGOLENE ROYAL Fyrrverandi forsetaframbjóðandi sækist eftir formennsku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sósíalistaflokkur Frakklands:

Ekki tókst að kjósa formann

FRAKKLAND, AP Sósíalistaflokknum í Frakklandi tókst ekki að kjósa sér nýjan leiðtoga á landsþingi flokksins í gær.

Þrír flokksfélagar buðu sig fram sem arftaka Francois Hollande, fráfaraandi leiðtoga. Þau eru Segolene Royal, sem bauð sig fram gegn Nicolas Sarkozy í forsetakjöri á síðasta ári, Martine Aubry, sem er fyrrverandi atvinnumálaráðherra, og Benoit Hamon.

Flokksfélagar fá nú að velja á milli þeirra í atkvæðagreiðslu á fimmtudag, og aftur á föstudag ef halda þarf aðra umferð leiðtoga-kjörsins.

- gb

STJÓRNMÁL

Krefjast kosninga

Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík samþykkti á stjórnarfundinum í gær að skora á þingflokk Samfylkingarinnar að beita sér fyrir því að kosningar til Alþingis fari fram sem fyrst á nýju ári. Í ályktuninni segir að með kosningum verði þjóðin þátttakandi í þeirri uppbyggingu sem fram undan er.

Neytendur: Afgreiðslugjald á aukaopnunartíma bankanna

Kostar að leggja inn úr bauknum



DR. GUNNAR neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarrád á neytendur@frettabladid.is

„Sparibaukur dóttur minnar hefur lengi verið stútfullur svo við mæðgurnar gerðum okkur ferð í Kringluna til þess eins að leggja spariféð inn á reikninginn hennar hjá Glitni,“ skrifar BH. „Þegar hún svo rígmotin réttir þjónustufulltrúanum baukinn bendir hann mér á að það kosti 190 kr. að leggja peninginn inn þar sem klukkan sé orðin meira en fjögur. Ég hef sjaldan orðið jafn hneyksluð!“

Að þurfa að borga fyrir að leyfa bankanum að fá afnot af sparifé dóttur minnar? Ég held nú síður! Það er mjög mikilvægt að börn læri að spara og góð leið til þess er að safna í bauk, fara svo í bankann, leggja peninginn inn og fá verðlaun fyrir. Sú leið virðist hins vegar aðeins vera greið þeim börnum sem eiga foreldra sem vinna ekki á almennum opnunartíma útibúanna, það er á milli 9 og 16 á daginn. Ef þau eru það óheppin að



eiga foreldra sem vinna á venjulegum dagvinnutíma þurfa þau að borga 190 kr. fyrir að leggja peninginn inn, láta mömmu gera það fyrir sig í hádegishléinu hennar eða að sleppa því að geyma peninginn í banka. Ég er allavega búin að sjá að ég þarf að finna nýja leið til að kenna dóttur minni að fara vel með peningana sína.“

Í dag hafa aðeins tvö bankaútibú á landinu opið á öðrum tímum en þeim hefðbundna og þau eru bæði í Kringlunni, Glitni og Kaupþing. Bæði eru opin til kl. 18 og eru að auki opin á laugardögum á milli kl. 12 og 16. Á þessum aukaopnunartímum rukka bæði útibúin 190 kr. í afgreiðslugjald og skiptir þá engu hvort barn sé að leggja inn úr sparibauk eða ekki. Kannski þetta breytist eitthvað við nýtt eignarhald bankanna. Ha, Björgvin G. Sigurðsson?

Olís er leyfishafi Quiznos á Íslandi.

12 STAÐIR

OLÍS ÁLFHEIMUM, OLÍS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRÐUM, OLÍS MJÓDD, OLÍS NORÐLINGAHLÓTI, NÝBYLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI

Quiznos SUB

JÓLAGJÖFIN SEM FLÝGUR ÚT JÓLAPAKKAR ICELANDAIR



EVROPA

LONDON, MANCHESTER, OSLÓ,
KAUPMANNAHÖFN, STOKKHÓLMUR

Economy Class	26.900	kr.*
Economy Comfort	59.900	kr.*
Saga Class	89.900	kr.*

AMSTERDAM, FRANKFURT, PARÍS

Economy Class	29.900	kr.*
Economy Comfort	69.900	kr.*
Saga Class	99.900	kr.*

BANDARÍKIN

BOSTON, NEW YORK

Economy Class	49.900	kr.*
Economy Comfort	89.900	kr.*
Saga Class	129.900	kr.*

Barnaafsláttur á Economy Class er 25%.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is



WWW.ICELANDAIR.IS

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvað heitir forseti Rússlands?
- 2 Hve margir hafa skráð nafn sitt á síðuna Indefence.is?
- 3 Hver leikur ástmann Georgs Bjarnfredarsonar í Dagvaktinni?

SVÖR Á SÍÐU 26

Um þrjú þúsund manns hafa sótt um greiðslufrest á lánum frá Lýsingu:

Kostar sjö þúsund að fresta greiðslu

VIÐSKIPTI Viðskiptavinir Lýsingar sem vilja fresta greiðslum þurfa að greiða fyrir það allt að sjö þúsund krónur. Þeim býðst að greiða fimmtíu prósent af heildargreiðslu í þrjú mánuði, að því gefnu að þeir séu í skilum. Þetta stangast á við tilmæli félagsmálaráðherra um að slík þjónusta skuli vera ókeypis.

„Við þurfum sjálf að standa undir okkar skuldbindingum,“ segir Sævar Bjarnason, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs hjá Lýsingu. „Við erum ekki ríkisbanki með ríkisábyrgð.“

Sævar segir fyrirtækið hafa litlar sem engar tekjur um þessar mundir, enda sé engin fjármögnun

á íslenskum markaði við núverandi aðstæður. Eðlilegt sé að það taki greiðslu fyrir veitta þjónustu. „Breytingagjald hjá okkur er venjulega tíu þúsund krónur. Við lækkuðum það í sjö þúsund krónur og í 3.500 á bíl ef fólk er með tvo bíla.“

Um þrjú þúsund manns hafa sótt um að fresta greiðslum af lánum hjá Lýsingu frá því í október. Frestunin gildir til þriggja mánaða. Staðan verður endurskoðuð að þeim tíma liðnum. „Það er ekkert annað í boði enda snýst þetta ekki um annað en samvinnu. Það er ekki okkur í hag að viðskiptavinir okkar fari í þrot.“ - hhs



NÝIR BÍLAR Á HAFNARBAKKANUM Lítið er um að Lýsing fjármagni bíla nú orðið. Starfsmenn hafa nú í nógu að snúast við að búa til greiðslufrest á lánviðskiptavina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjögurra mánaða skilorð: Klúrt athæfi til að hrella konu

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi á föstudag karlmann um fertugt í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hafa þrisvar að næturlagi ýmist fróað sér eða sett hönd í klop sitt og stunið fyrir utan heimili konu.

Maðurinn er sakfelldur fyrir kynferðisbrot með þessu háttalagi sínu og aukinheldur fyrir að hafa sært blygðunarsemi konunnar. Þá var maðurinn einnig dæmdur til að greiða konunni 250 þúsund krónur í skaðabætur.

Maðurinn játaði brot sín fyrir dómi. Hann hafði ekki verið dæmdur áður.

- jss

Alþýðusambandið:

Fundaherferð um allt land

VINNUMARKAÐUR Alþýðusamband Íslands, ASÍ, efnir til fundaherferðar um landið undir yfirskriftinni Áfram Ísland - fyrir hag heimilanna. Hvert skal stefna? Sjö fundir verða haldnir vítt og breitt um landið á næstu vikum.

Á fundunum mun Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, ræða stöðuna og framtíðarsýn ASÍ og sitja fyrir svörum ásamt formönnum stærstu landssambanda. Fyrsti fundurinn verður haldinn á morgun í Reykjanesbæ. Fundaherferðinni lýkur með útifundi á Ingólfstorgi í Reykjavík fimmtudaginn 27. nóvember.

- ghs

ÓLYMPÍUSKÁKMÓTIÐ

Jafntefli við Moldóvu

Ísland gerði jafntefli við Moldóvu í 4. umferð Ólympíuskákmótsins í Dresden. Í kvennaflokki burstaði Ísland Wales 4-0. Ísland er með 5 stig í opnum flokki en 4 stig í kvennaflokki.

Móðir í Bakkahverfi í Breiðholti segir börn í hættu:

Bílstjórar aka eins og brjálæðingar

UMFERÐ „Ég og sonur minn erum í stórhættu þegar ég fer með hann í leikskólann,“ segir Helga Garðarsdóttir, íbúi í Bakkahverfi í Breiðholti og móðir tveggja og hálfis árs drengs sem er í leikskólann Bakkaborg.

Hún segir gangandi vegfarendur í verulegri hættu vegna mikillar bílaumferðar við leikskólann. „Þarna eru engar gangbrautir, voðalega fá stoppmerki og bílstjórar keyra eins og brjálæðingar,“ segir Helga.

Hún segist vilja sjá gangbrautir og hraðahindranir á götum við leikskólann. Þá krefst hún þess að lögreglan bregðist við hraðakstri við leikskólann. „Ég veit að það er búið að kvarta á leikskólanum og fyrir nokkru var safnað undirskriftum en mér skilst að ekkert meira hafi gerst,“ segir Helga.

Hún segist hafa hringt í þjónustu-



UMFERÐ VIÐ BAKKABORG Leikskólinn Bakkaborg er á horni Blöndubakka og Arnarbakka í Breiðholti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

síma Reykjavíkurborgar þar sem henni hafi verið bent á vefsíðuna einn, tveir og Reykjavík. „Mér finnst það bara ekki nóg af því ég veit að það verður ekkert gert í þessu,“ segir Helga.

Henni finnst vanta upp á að borgin veiti henni upplýsingar um hvað hún geti gert til að leysa vandann. „Þetta snýr að öllum foreldrum og börnum sem eru þarna á ferðinni,“ segir Helga.

- ovd



HÁTÍÐARSTUND Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, afhenti Herdís Egilsdóttur verðlaunin á málræktarþingi í Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Herdís Egilsdóttir hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar:

Mannauðurinn býr í grunnskólunum

MENNING Kennarinn og rithöfundurinn Herdís Egilsdóttir hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu í gær. Verðlaunin voru afhent á málræktarþingi í hátíðarsal Háskóla Íslands.

Herdís starfaði sem kennari við skóla Ísaks Jónssonar í 45 ár. Eftir hana liggja á annan tug barnabóka en auk þess hefur hún samið efni fyrir útvarp, sjónvarp og leikhús. Í seinni tíð er Herdís kunnust fyrir verkefnið Litlir landnemar. Í rökstuðningi ráðgjafarnefndar segir: „Mannauður þjóðarinnar býr í grunnskólum landsins. Það hefur löngum verið hlutverk barnakennara að ávaxta þennan auð. Það er fulltrúi þeirra sem við heiðrum í dag fyrir hæfileika hennar til að kveikja ljós, áhuga og þorsta eftir þekkingu.“

Auk verðlaunanna voru veittar sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu en þær hlutu Landnámssetur Íslands í Borgarnesi og Útvarpsleikhúsið.

Dagurinn var víða haldinn hátíðlegur og rúmlega eitt hundrad grunnskólanemar í Reykjavík tóku við íslenskuverðlaunum menntaráðs í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.

Markmið íslenskuverðlaunanna er að auka áhuga barna á íslenski tungu og hvetja þau til framfara í tjáningu, töluðu og rituðu máli. Grunnskólar borgarinnar tilnefndu nemendur og nemendahópa af hverju aldurstigi til verðlaunanna. Verðlaunahafarnir hafa skarað fram úr á ýmsa vegu eða sýnt framfarir í ritlist, ljóðlist og munnlegri tjáningu.

- ve



BÖRNIN VERÐLAUNUÐ Ríflega eitt hundrad börn fengu íslenskuverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar í gær fyrir ritlist, ljóðlist og munnlega tjáningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verðhrun Verðhrun

Útsölumarkaður Verðlistans

Jakkar	kr. 2.500
Pils og buxur	kr. 1.500
Kápur	kr. 5.000
Úlpur	kr. 3.000

allt á borði
kr. 1.000
Allra síðasta vika

verðlistinn

Opið mánud. til föstud. frá kl. 12.00 - 18.00

Ármúla 38

Skemmtileg jólagjöf!

Láttu okkur setja upphálds myndina þína á striga.



Íslenskur valkostur í 20 ár.

Myndhráði

Framköllunarþjónusta
Hraunbæ 102a

S: 561-1502

www.myndhradi.is

netfang: myndhradi@internet.is

Sendum þvert á það sem er.

Jóla kort með þinni persónulegu mynd!

kr. 149.- m/umslagi. 10x20 cm. og 15x15 cm.



Frábær jólagjöf:

Stækkun 15x20 cm. og rami að eigin vali kr. 1.190.-



JÓLATILBOÐ

**30%
AFSLÁTTUR!**



CHERY

Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200).
Innifalið botn, rammi og gaffl.
Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr.
AFSLÁTTUR!

REKKJUNNAR

PRIME

Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200).
Innifalið botn, rammi og gaffl.
Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr.
AFSLÁTTUR!



VIKTORIA

Rúmstæði með heilsudýnu (160x200).
Innifalið botn, rammi og gaffl.
Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr.
AFSLÁTTUR!



GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR

Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNASTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT

**20%
AFSLÁTTUR!**

HEILSUKODDAR

Í miklu úrvali á einstöku jólatilboði

VERÐ FRÁ 5.900 KR.

KAUFFMANN

Hitajöfnar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.

**10%
AFSLÁTTUR!**

Verð frá 26.010 kr.



MIKID ÚRVAL
AF SÆNGURFÖTUM
Á ÓTRÚLEGU JÓLATILBOÐI

20% AFSLÁTTUR
Verð frá 4.240 kr.



rekkjan



ELDUR Í SANTA BARBARA Skógareldar í Kaliforníu hafa valdið miklu tjóni. Þarna brennur ein glæsivillan í Santa Barbara, en um 70 hús hafa eyðilagst í auðmannahverfinu Montecito.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir menn ákærðir fyrir misþyrmingar og nauðung:

Létu slasaðan hlaupa nakinn

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvo menn á þrítugsaldri fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás svo og nauðung, þegar þeir réðust harkalega að manni á Höfn í Hornafirði. Jafnframt er annar manna ákærður fyrir að hafa skallað lögreglu-mann á lögreglustöð.

Að því er segir í ákæru réðust mennirnir tveir í sameiningu á þann þriðja í geymslubili á Höfn. Þeir slógu hann ítrekað í andlit og líkama og margspörkuðu í hann. Þá reif annar manna eyrnalokk úr eyra fórnarlambins, sló manninn í höfuðið með barefli og sveigði aftur fingur hans.

Meðan á árásinni stóð neyddu mennirnir þann sem þeir voru að misþyrma til að hlaupa nakinn um húsnæðið, auk þess sem þeir hótuðu honum frekari meiðingum og lífláti.

Fórnarlambið hlaut mikla áverka í andliti og líkama við árásina. Meðal annars djúpan skurð í



HÖFN Í HORNAFIRÐI Mennirnir réðust á fórnarlambið í geymslubili á Höfn í Hornafirði.

andliti, mar, bólgur, eymsli og blæðingar víðs vegar í andliti og sár á eyrnasnepli.

Auk þess sem ákærvaldið krefst refsingar mönnum fer fórnarlambið fram á riflega 600 þúsund krónur í skaðabætur.

- jss

Hæstiréttur þvingir dóm: 15 mánuðir fyrir vörslu barnakláms

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær mann í fimmtán mánaða fangelsi fyrir vörslu barnakláms. Áður hafði hann verið dæmdur til þrettán mánaða fangelsis í Héraðsdómi Reykjaness.

Maðurinn hafði í vörslu sinni tæplega fimmtán þúsund ljósmyndir og rúmlega 200 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Hann rauf einnig skilorð dóms frá árinu 2004, en þá var hann dæmdur í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við fimm ára stúlku.

- þeb

Stúlka ákærð fyrir ofbeldi:

Sló með blóð-ugu glerbroti

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega tvítuga stúlku fyrir ofbeldisbrot, þar á meðal að slá starfsmann fjölskyldudeildarinnar á Akureyri í andlitið með blóðugu glerbroti. Starfsmaðurinn hlaut skurð fyrir neðan vinstra auga og var hætta á að hann hefði smitast af lifrabólgu B og C.

Után þessa er stúlkunni gefið að sök að hafa kýlt annan starfsmann í höfuðið. Þeim þriðja hótaði hún að smita hann af HIV-sjúkdómi.

Á slysadeild fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hótaði hún svo tveimur starfsmönnum lífláti.

- jss

LÖGREGLUFRÉTTIR

Erill á höfuðborgarsvæðinu

Fjórir voru teknir fyrir ölvunarakstur og fjögur umferðarhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar í gær og fyrrinótt. Engin alvarleg slys urðu á fólki.

Vill samkeppni í skólum, stofnunum og fyrirtækjum:

Íslenska verði aðalmálið í tölvum landsmanna

TÆKNI Microsoft á Íslandi efnir 1. desember til samkeppni meðal allra vinnustaða á Íslandi sem miðar að því að íslenska verði aðal tungumálið í tölvum landsmanna. Samkeppnina kynnti Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, á málrættarþingi sem haldið var í Háskóla Íslands á degi íslenskrar tungu í gær.

„Í grundvallaratriðum erum við að bjóða skólum, stofnunum og fyrirtækjum til þátttöku í keppni sem gengur út á það að innleiða íslenskt notendaviðmót í sem



HALLDÓR JÖRGENSSON

flestar tölvur,“ segir Halldór. Hann segir sérstaka áherslu lagða á keppni milli grunnskólanna og verða verðlaun veglegust í þeim flokki, eða í formi styrkja til tækja- og hugbúnaðarkaupa.

„Jafnframt verða veittir veglegir góðgerðastyrkir í nafni átaksins, en skólarnir tilnefna góðgerðar félög. Hjá fyrirtækjunum er þetta hins vegar spurning um að hljóta viðurkenninguna Okkar mál,“ segir Halldór en keppnin stendur til 17. júní.

- ve



HERFLUGVÉL AF GERÐINNI B-52 Sams konar vél og þessi brotlenti á hafsbreiðu við bandarísku herstöðina á norðvestanverðu Grænlandi fyrir fjörutíu árum.

NORDICPHOTOS/AFP

Kjarnorku-sprengja týnd í fjörutíu ár

Árið 1968 hrapaði bandarísk herflugvél skammt frá Thule-herstöðinni á Grænlandi. Ein af fjórum kjarnorkusprengjum úr vélinni hefur verið týnd síðan. Íbúar á svæðinu óttast geisla- mengun og danskir verkamenn hafa höfðað mál.

GRÆNLAND Ein af fjórum kjarnorkusprengjum úr B-52-herflugvél Bandaríkjahers hefur verið týnd á hafsbotni við norðvestanvert Grænland síðan flugvélin hrapaði þar árið 1968.

Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur haldið því fram að allar sprengjurnar fjórar hafi verið eyðilagðar, en breska útvarpið BBC hefur fengið í hendur skjöl sem staðfesta að einungis þrjár þeirra fundust.

Íbúar í nágrenninu hafa lengi haft áhyggjur af því að geisla- mengun hafi valdið heilsutjóni á fólki og skaðað lífríki á svæðinu. Bandaríkjamenn halda því hins vegar fram að geisla- mengun hljóti að vera afar takmörkuð vegna þess að fjórða sprengjan hafi sokkið niður á hafsbotn.

Vélin brotlenti 21. janúar árið 1968 á ísbreiðu skammt frá bandarísku Thule-herstöðinni á Grænlandi. Bæði grænlandskir heimamenn og danskir verkamenn flýttu sér á staðinn til að aðstoða áhöfnina.

Næstu mánuðina fór fram viðamikil starf við að safna saman brak úr vélinni sem hafði dreifst um nágrennið. Einnig var safnað saman nokkrum milljónum rúmmetra af ís, sem að hluta innihélt geislavirkt brak úr vélinni.

Skjölin, sem BBC hefur undir höndum, voru leynilög þar til nú fyrir skemmstu. Í þeim kemur

fram að ummerki á ísnum, þar sem vélin brotlenti, bendi til þess að ísinn hafi bráðnað á bletti og líklega hafi brot úr vélinni sokkið þar niður á hafsbotn. Leifar úr sprengjufallhlíf hafi fundist í ísnum á þessum bletti, eftir að hann fraus saman aftur.

Þetta varð til þess að í apríl þetta ár hafi kabátur verið sendur undir ísinn til að leita að týndu kjarnorkusprengjunni, en sú leit hafi ekki skilað árangri. Dönsk stjórnvöld voru ekki upplýst um tilgang þessarar kabátsferðar.

Danskir verkamenn, sem sendir voru á slysstaðinn til björgun- arstarfa, hafa sagt að ekki hafi verið gætt að öryggi þeirra gagn- vart geisla- mengun.

Fjórir þeirra veiktust alvarlega á seinni árum og er grunur um að það sé af völdum geisla- mengunar sem þeir hafi orðið fyrir á sínum tíma. Tveir þess- ara manna eru nú látnir.

Þeir hafa á síðustu árum farið með mál sitt fyrir dómstóla í Evrópu, en þeim málaferlum er ekki lokið. Þeir segja að sam- kvæmt tilskipun frá Evrópusam- bandinu frá árinu 2004 hefði átt að fylgjast sérstaklega með heilsu þeirra síðan þá, en það hefur ekki verið gert.

Danska stjórnin er hörð á því að engin tengsl hafi verið sönnuð milli björgunarstarfa þeirra eftir flugslýsið og heilsufars þeirra.

gudsteinn@frettabladid.is

f.á. FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun fyrir vorönn 2009

Innritun fyrir vorönn 2009 stendur nú yfir. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is. Umsóknarfræstingur er til 20. nóvember. Umsækjendur sem óska eftir að mati á námi frá öðrum skólum þurfa að skila ljósritum af prófskírteinum með umsókninni.

Rafræn innritun fer fram í gegnum menntagátt www.menntagatt.is/

Eftirtaldir námsbrautir eru í boði:

Stúdentsprófsbrautir:

- málbraut,
- félagsfræðibraut,
- náttúrufræðibraut og
- viðskipta- og hagfræðibraut.

Heilbrigðisskólinn:

- framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun
- heilsunuddarbraut,
- heilbrigðisritarbraut,
- heilbrigðisritarabrá,
- lyfjateknabraut,
- lækna- ritarbraut,
- sjúkraliðabraut,
- sjúkraliðabrá og
- tanntæknabraut.

viðbótarnám til stúdentsprófs

- Almenn námsbraut.

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Skólinn býður einnig upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu.

Skólameistari

Heildarlausnir í hýsingarþjónustu

www.tas.is

Hýsing
hugbúnaðar

Fjárfesting í
vélbúnaði óþörf

Vaktað af
sérfræðingum
allan sólarhringinn

Lægri
rekstrarkostnaður

Veldu öryggi og lækkaðu rekstrarkostnaðinn

Með hýsingu á hug- og vélbúnaði greiðir viðskiptavinur eingöngu mánaðarlegt gjald og þarf ekki að fjárfesta sjálfur í dýrum búnaði.

Umsjón, rekstur og viðhald er í höndum sérfræðinga.

Með hýsingarlausnum er því hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir í rekstrarkostnað.

TAS býður upp á hýsingu í sérhönnuðu kerfisrými þar sem lögð er sérstök áhersla á öryggi, rétt hitastig og órofið rafmagn.

- Öryggisafritun á hverjum degi.
- Tvöföld tenging við Internetið.
- Viðbragðstími vegna bilana í algjöru lágmarki.
- Vaktað af sérfræðingum allan sólarhringinn.

Þjónustuver opið allan sólarhringinn:
412-1400 | hjalp@tas.is | www.tas.is





VARÐ FYRIR SÝRUÁRÁS Shamsia heitir þessi sautján ára stúlka í Afganistan, sem nú liggur á sjúkrahúsi í Kabúl eftir sýruárás. Nokkrir menn notuðu vatnssprautur til að sprauta sýru í andlit skólástúlka í Kandahar til að mótmæla skólagöngu kvenna.

NORDICPHOTOS/AFP

Tækjabúnaði fyrir mörg hundruð þúsund stolið frá námsmanni í Vesturbænum:

Gríðarlegt tjón eftir innbrot

LÖGREGLUMÁL „Þetta er gríðarlegt tjón fyrir mig, ekki síst í ljósi þess að þarna var búnaði stolið sem ég nota við vinnu mína.“

Þetta segir Jón Þorgeir Kristjánsson, sem varð fyrir miklu tjóni fyrir í vikunni þegar brotist var inn til hans, þar sem hann býr í Vesturbænum.

„Um leið og ég kom heim sá ég að þar hafði einhver eða einhverjir látið greipar sópa,“ útskýrir Jón Þorgeir. Úr íbúðinni var þá búið að stela fartölvu, hörðum disk, iPodum og síðast en ekki síst rándýrri vídeóupptökuvél. Hana hefur Jón Þorgeir notað við vinnu sína, en hann stundar nám í graf-



JÓN Þ. KRISTJÁNSSON Skorar á þann eða þá sem brutust inn að skila tækjunum.

ískri hönnun, auk þess sem hann starfar sem ljóshönnuður í leik-

húsi. Upptökuvélina hefur hann notað við upptökur í leikhúsi. Hún er af gerðinni Canon XHA1

„Það eru aðeins til örfáar vélar af þessari gerð hér á landi,“ segir hann. „Hún er að verðmæti um 700 þúsund krónur, þannig að heildartjónið nemur kannski upp undir milljón þegar allt er talið.“

Jón Þorgeir vill láta þess getið að símanúmer hans er á upptökuvélinni sem og öðrum hlutum sem stolið var frá honum. Ef þeir sem hafa þá undir höndum skyldu sjá sig um hönd geta þeir hringt í númerið og komið tækjunum í réttar hendur.

- jss

Íslenskt tónskáld verðlaunað:

Efnilegasta ungtónskáldið

TÓNLIST Tónskáldið Einar Torfi Einarsson hlaut fyrir skemmstu Henriëtte Bosmans Prize-verðlaunin en þau eru veitt efnilegustu ungtónskáldunum á sviði klassískrar nútímatónlistar í Hollandi, samkvæmt frétt RÚV.

Verðlaunin hlaut Einar Torfi, sem stundar mastersnám í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Amsterdam, fyrir verk sitt Nine Tensions, sem var frumflutt í vor.

Verk Einars Torfa, sem er fyrir kammersveit, og þriggja annarra tónskálda voru valin til flutnings 8. nóvember í tónlistarhúsinu Muziekgebouw í Amsterdam.

- ve

NEISTAR AF NEISTA: Menntun á Íslandi

Grein 4 af 8

Góð menntun og gróska í listum

Efla þarf alþjóðlegt rannsóknarstarf

Styðja þarf enn frekar við öflugra rannsóknarstarfsemi í landinu til að tryggja framgang og gæði íslenskra rannsókna í ljósi alþjóðlegra viðmiða. Auka þarf samstarf við erlendar rannsóknarstofnanir, háskóla, lista- og fræðimenn. Endurskoða þarf núverandi styrkjakerfi og stórauka opinberar fjárveitingar. Góður skilningur á sérstöðu Íslands hvað varðar rannsóknir krefst greiningar og samanburðar við sérstöðu erlendra háskóla og annarra menningarheima. Alþjóðlegar rannsóknir hér á landi vinna ofan af einseletri þjóðernisímynd og styrkja Ísland sem öflugt fjölmenningsamfélag.

Aukið samstarf milli menntastofnana

a. Auka þarf samstarf á milli íslenskra menntastofnana. Menntasamfélagið er lítið og þótt heilbrigð og jákvæð samkeppni ríki á mörgum sviðum þarf að ryðja úr vegi

Í HNOTSKURN

Virkja þarf á markvissari hátt þá krafta og þekkingu sem íslenskar menntastofnanir búa yfir. Huga þarf að grunninnviðum menntastofnana með því að efla alþjóðlegar rannsóknir og endurskoða núverandi mats- og styrkjakerfi. Auka þarf samstarf á milli menntastofnana landsins og skapa fjölbreyttari vettvang til rannsókna og náms fyrir innlenda sem erlenda aðila. Tryggja þarf sjálfstæði íslenskra menntastofnana gagnvart ráðandi markaðsöflum og hlúa að viðtækum tengslum þeirra við atvinnulíf og samfélagslega uppbyggingu. Lagt er til að stofnuð verði stafræn gagnasöfn á sviði hugvísinda-, félagsvísinda- raunvísinda- og umhverfisrannsókna.

Páll Ásgeir Davíðsson, forstöðumaður Eþikos-Miðstöðvar Íslands um samfélagsábyrgð fyrirtækja, hafði umsjón með samræðu á vinnuborði um menntun.

hömlum sem hindra fræðimenn og nemendur innan mismunandi stofnana í að starfa saman. Gera þarf nemendum og fræðimönnum kleift að stunda ekki eingöngu þverfaglegar rannsóknir, heldur líka þverstofnana- og stöðkerfi í formi styrkja. Jafnframt væri hjálplegt að kortleggja háskólaumhverfið á Íslandi og gera grein fyrir sérstöðu og styrk hverrar stofnunar fyrir sig.

b. Háskólar og aðrar menntastofnanir landsins gætu með öflugri samstarfi þróað nýjar námsleiðir fyrir innlenda og erlenda nemendur. Námsleiðir er gæfu nemendum einstakt tækifæri til fjölbreyttra upplifana þar sem saman færu vöndu námskeið, staðbundnar rannsóknir og spennandi ferðalög um byggðir og óbyggðir landsins. Þannig gæti nemandi t.d. sótt nám sitt í háskóla á Reykjavíkursvæðinu en dvalið um tíma í Svartárkoti – fræðasetri í Bárðardal, og fræðst þar um sambúð manns og náttúru eða farið til Háskóla- og Vestfjörðum til þess að fræðast um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda sjávar. Slíkt samstarf mundi efla menntastofnanir víðsvegar um landið og skapa framtíðarstörf fyrir íslenskt menntafólk. Með því að stuðla að komu erlendra nemenda til landsins með markvissum hætti yrði sáð fræjum fyrir auðgra menntalífi hér á landi og fjölgun erlendra gesta.

Fjölbreytt menntun skapar fjölbreytt atvinnulíf

Menntastofnunum ber að tryggja vandaða menntun og stuðla að gagnrýni og skapandi hugsun nemenda hvert sem sérsvið þeirra er. Of mikil áhersla á að þjálfa nemendur í samræmi við þarfir vinnumarkaðar yfir undir einsleitni og kemur í veg fyrir sveigjanleika og hæfni til að þróa nýjar atvinnuskapandi leiðir.

Vandasamt er að segja til um hvar vaxtarbroddar nýsköpunar liggja í framtíðinni. Því ber að leitast við að hlúa jafnt að ólíkum



HÁSKÓLI ÍSLANDS Góð menntun og gróska í listum, menningu, vísindum og fræðum er grundvallarskiylrði þess að hér á landi starfi framúrskarandi einstaklingar á öllum sviðum, segir í greininni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sviðum innan lista, vísinda, fræða, tækni- og verkmenntunar til að stuðla að viðtækum tengslum menntastofnana við atvinnulíf og samfélagslega uppbyggingu. Blómlegt atvinnulíf sprettur ekki upp úr næringarsnaudum jarðvegi.

Góð menntun og gróska í listum, menningu, vísindum og fræðum er grundvallarskiylrði þess að hér á landi starfi framúrskarandi einstaklingar á öllum sviðum.

Stofna þarf þverfagleg gagnasöfn

Vegna smæðar samfélagsins er Ísland einstakt hvað varðar möguleika á að safna saman viðtækum upplýsingum og tengja saman mismunandi gagnagrunna. Grunnkögn um íslenskt samfélag hafa verið dreifð og aðgengi að þeim erfitt. Stafræn samtengd gagnasöfn myndu auðga og auðvelda alla rannsóknarstarfsemi og skapa einstök tækifæri innan ólíkra sviða fyrir innlenda sem erlenda rannsóknaraðila. Fjölbætt og aðgengileg gagnasöfn gætu einnig stuðlað að gagnsæi innviða íslensks samfélags, upplýstari stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda, aðhaldi í viðskiptalífi og vísindaíðkun og ábyrgari nálgun við náttúru landsins. Tryggja þarf að ítrustu kröfum um persónuvernd og upprunaskráningu verði framfylgt við gerð gagnasafnanna.

Þjórk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn natura.info. Um hundruð sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflokkum. Fréttablaðið birtir tillögurnar næstu daga. Nánari upplýsingar má finna á natura.info.



KRÓNUKORTIN AFHENT Karl Heinz Bellmann fékk fullan kassa af krónukortum hjá Frosta Friðrikssyni myndlistarmanni.

MYND FROSTI

þjóðverji í peningaleit:

Tók krónukort til Þýskalands

EFNAHAGSKREPPAN Þjóðverjinn Karl Heinz Bellmann, sem hefur dvalið hér í landi undanfarið til að fá svör hjá skilanevnd gamla Kaupþings um það hvar peningarnir hans séu, tók með sér fullan kassa af krónukortum til Þýskalands til að vekja athygli á málinu í Þýskalandi.

Þjóðverjinn rakst á söfnunarkassa með krónukortum á Sægreifanum og leist svo vel á að hann hringdi í Frosta Friðriksson, myndlistarmann og höfund krónukortanna. „Hann var orðinn svo þreyttur á að fá engin svör hér á landi og vildi fá svona kassa til að taka með heim,“ segir Frosti sem brást skjótt við og gaf Karli fullan kassa. Saman gengu þeir svo um og seldu krónukort áður en Karl hélt heim til Þýskalands.

Þýsk sjónvarpsstöð gerði þátt um ferð Þjóðverjans hingað til lands og var sá þáttur sýndur á fjósdagaskvöldið.

- ghs



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS Deiliskipulagsbreyting sem gerir ráð fyrir urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu er ógilt.

Kirkjuferjuháleiga:

Sorpstöðin án gilds leyfis

SKIPULAGSMÁL Urðunarsvæði Sorpstöðvar Suðurlands á Kirkjuferjuháleigu er ekki starfrækt samkvæmt gildu deiliskipulagi því skipulagið var fyrst samþykkt eftir að starfsemi var hafin. Þetta segir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Það voru eigendur nálæggra jarða sem kærðu breytt deiliskipulag sem gerði ráð fyrir urðuninni eftir að hún var hafin. Úrskurðarnefndin sagði að bæjarstjórninni hefði verið óheimilt að samþykkja skipulagsbreytinguna fyrr en eldri framkvæmdirnar sem voru andstæðar þágildandi skipulagi yrðu fjarlægðar fyrst.

- gar

Íraksstjórn samþykkir að Bandaríkjaher dvelji áfram eftir að umboði Sameinuðu þjóðanna lýkur:

Hermenn verði í þrjú ár til viðbótar

ÍRAK, AP Ríkisstjórn Íraks samþykkti í gær nýjan samning við Bandaríkin, sem heimilar bandaríska hernum að vera áfram í landinu í þrjú ár eftir að umboð frá Sameinuðu þjóðunum rennur út í lok þessa árs.

Erfiðar samningaviðræður hafa staðið yfir mánuðum saman. Íraska þingið á þó enn eftir að staðfesta samninginn, en umræður á þingi hefjast nú í vikunni og er búið við afgreiðslu málsins í byrjun næstu viku.

Írakar náðu því fram að draga megi bandaríska hermenn og öryggisverktaka fyrir dóm í Írak fremji þeir alvarlega glæpi í landinu utan bandarískra herstöðva og utan vinnutíma síns.

Auk þess er í samningnum bann við því að Bandaríkin noti Írak sem bækistöð fyrir árásir á nágrannaríki, svo sem Íran og Sýrland.

Einungis 28 af 37 ráðherrum voru viðstaddir á ríkisstjórnarfundum í gær, þar sem samningurinn var samþykktur.

Fylgismenn sjá-klerksins Muktada al-Sadr á þingi lýstu andstöðu sinni við samninginn, og sögðu stjórnina vilja „afhenda Bandaríkjamönnum Írak á gullfati um ókoma tíð“.

- gb



BANDARÍSKUR HERMAÐUR Í ÍRAK Íraksstjórn náði því fram að hægt verður að sækja bandaríska hermenn til saka í Írak.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel fjárfestu í heilsunni

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

JÓLATILBOÐ



Stór pakki
fylgir heilsurúmum
frá Svefn og heilsu
Lök, silkidamask sængurverasett
og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. **55.200**



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótórar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjólbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 384.900.
Nú á jólatilboði kr. **327.165** stgr.

Ein besta heilsudýna heimi

IQ-CARE

Queen rúm kr. 189.900,-
King rúm kr. 269.900,-



S-CAPE

WALLHUGGER



Sá nýjasti og besti frá Leggett

S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótarar.
- 2 öflugur nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótórum og grind.

Hjónarúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.



Amerísku heilsudýnurnar frá

Chiropractic®

Queen rúm kr. 209.000,-
King rúm kr. 269.000,-



Svefn & heilsa



Ný teppasett

Vinsælu
sængurverasettin
mikið úrval

Heilsukoddar

Nýir leðurgaflar
og náttborð
4 litir

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Vikum saman hefur legið fyrir að Íslendingar gætu ekki mismunað kröfuhöfum eftir þjóðerni:

Wa-Mu aðferðin

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Tilkynnt var í gær, vonum seinna, um samkomulag við Breta, Hollendinga og aðrar þjóðir Evrópusambandsins um lyktir Icesave-málsins, einhverrar harðvítugustu milliríkjadeilu í sögu þjóðarinnar. Niðurstaðan er sú að Íslendingar ábyrgjast lágmarksinnstæðutryggingar vegna innlánsreikninganna margfrægu og fá til þess gríðarhá lán frá þjóðum innan Evrópusambandsins, en fá svo tækifæri til þess að koma eignum gamla Landsbankans í verð á móti. Með þessu vonast bjartsýnir menn til þess að íslenska ríkið og þar með þjóðin komi út á sléttu, þar sem eignir bankans hafi verið töluvert umfram skuldir. En hinir svartsýnu áætla að þar með geti fallið á þjóðina skuldbinding til lengri framtíðar upp á jafnvel nokkur hundruð milljarða króna og munar um minna.

Deilan vegna Icesave-innlánsreikninganna kom upp nokkru fyrir hrun íslensku bankanna, eins og frægt samtal íslenska og breska fjármálaráðherra vitnaði um. Hingað til hafa íslensk stjórnvöld haldið því fram að sú flókna deila hefði ekkert með neyðarástöð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að gera, hvað þá mögulegar lánveitingar fleiri ríkja, okkur til handa. Þetta væru tvö óskyld mál. Annað hefur komið á daginn og síðustu daga hefur öllum verið ljóst að ekkert yrði af aðstöð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrr en Icesave-deilan yrði til lykta leidd. Flest bendir raunar til að íslenskum stjórnvöldum hafi mátt vera ljós sú afstaða sjóðsins allan tímann. Wa-Mu aðferð Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, sem hann kynnti í frægu Kastljósviðtali, stæðist ekki alþjóðalög og gæti leitt til algerrar einangrunar Íslands á alþjóðavettvangi.

Ríffjum upp þegar formaður bankastjórnar Seðlabankans kvað upp úr með það, að ekki stæði til að greiða erlendar skuldir „óreiðumanna“. Þvert á móti stæði til að fara sömu leið og Bandaríkjamenn hefðu gert við gjaldþrot Washington Mutual bankans (WaMu). „Við skiptum bönkunum upp í innlenda og erlenda starfsemi. Við tökum eigið féð að meginefni til og látum það fylgja erlendu starfseminni. Þannig að erlendu kröfuhafarnir fá meira í sinn hlut en sem nemur innlendu starfseminni,“ sagði Davíð þá og taldi að erlendir kröfuhafar hefðu þetta 5 til 15 prósent upp í kröfur sínar. „Tiltölulega mjög fljótlega þá erum við með ríki sem er skuldlaus, eða skuldlítið í erlendum skuldum, og við erum skyndilega með þjóðarskuldir sem eru orðnar sáralitlar,“ sagði Davíð og bætti við: „Menn verða að átta sig á því að við erum að draga úr skuldafargi þjóðarinnar, en ekki auka það. Það tekur tíma að síast inn.“

Varla þarf að orðlengja það, að nær ekkert af þessari djörfu áætlun, sem sett var fram fyrir aðeins fáum vikum, hefur gengið eftir. Við ætludum að draga úr „skuldafargi þjóðarinnar“ en verðum þess í stað ein skuldsettasta þjóð heims. Orðspor okkar hefur beðið hnekki, því við-borgum-ekki-áætlun stjórnvalda var talin ógn við evrópskan fjármálastöðugleika, hvorki meira né minna.

Þannig fór um hina íslensku Wa-Mu aðferð.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hektópasköl

Haraldur Ólafsson, veðurfréttamaður á Ríkisútvarpinu, er áhugamaður um ýmis samfélagsmál. Í veðurfréttatíma sjónvarpsins á laugardagskvöldið tók hann fyrir skammstafanir og sagði það algengt í veðurfræðinni að stytta löng orð. Til útskýringar rifjaði hann upp nokkur dæmi eins og hektópasköl sem skammstöfuð eru hPa. En Haraldur sagði að það væri ekki bara í veðurfræðinni sem hentugt væri að stytta löng orð. Þannig mætti til dæmis stytta orðið Alþjóðagjaldeyrissjóður með AG, ef menn hefðu ekki þeim mun meira dálæti á enskri tungu.



Skipt um sokka

Grímur Atlason bæjarstjóri fer mikinn í færslu á síðu sinni í gær og segir að há frestur sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi keypt sér með nýrri Evrópunefnd geti orðið þjóðinni dýrkeyptur. Ekkert sé eftir að verja og gamlar hægrímöntrur um stöðugleika og einhverja ruggandi báta séu eins og dauðar endur. Að sögn Gríms á það að Sjálfstæðisflokkurinn eða Framsóknarflokkurinn tilkynni að þeir hyggt skipta um sokka, ekkert erindi við þjóðina. Grímur á þar við hin nýju Evrópusambandsútspil flokkanna. Segir hann slíkt til marks um úreltrar stofnanir sem séu logandi hræddar um valdamissi.



Krossferð á gallabuxum

Gunnar Smári Egilsson blaðamaður var í viðtali í Silfri Egils í gær spurður hvort hann bæri einhverja ábyrgð á ástandi efnahagsmála á Íslandi. Sagði Gunnar Smári bara hafa verið eins og flestir hinna. Hann viðurkendi þó að slík vörn hefði ekki gilt við Nürnberg-réttarhöldin og því gilti hún ekki heldur nú. Til útskýringar, á hvernig hann hafi gert eins og hinir sagðist Gunnar Smári vera í gallabuxum af því að flestir væru í gallabuxum. Íslensku fjármálafrófi kann að verða til happs að allir þeir Íslendingar, sem ganga í gallabuxum, tóku ekki upp á því að kaupa prentsmiðjur og stofna friblöð í útlöndum.

olav@frettabladid.is

Frestarinn

Ég man eftir snjöllum pistli hjá Þráni Bertelssyni í útvarpinu í gamla daga þar sem hann gerði þá játningu að hann væri „frestari“, geymdi það til morgundagsins sem betur væri gert í dag. Margir hlustendur sáu sjálfa sig í lýsingu Þráns – og vissulega ég.

Sem er allt í lagi. Ekki er ég að stjórna landinu. Beitt lýsing Þráns á þrálátri tilhneigingu til að yta á undan sér óþægilegum – og óhjákvæmilegum – ákvörðunum kemur hins vegar alltaf upp í hugann þegar ég hlusta á enn einn „úlfur-úlfur“-blaðamannafundinn hjá Geir Haarde.

Skyldi þetta vera þannig að hann ætli að tilkynna merka ákvörðun um afsögn eða aðild en komi sér svo ekki að því þegar á hólminn er komið? „Æ ég geri það frekar á morgun“ og svo bara sett á autopilot...

Föstudagurinn var að minnsta einn samfelldur blaðamannafundur hjá Geir Haarde þar sem margt var sagt en nýtilegt fátt. Á seinni fundinum voru að vísu tilkynntar aðgerðir ríkisstjórnarinnar fyrir heimilin, sem ekki ber að lasta, en fyrri blaðamannafundurinn var haldinn til að tilkynna það með myndugleika og festu að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ákveðið að halda áfram að klóra sér í hausnum yfir Evrópumálum. Skipa nefnd sem eigi að fara yfir kosti og galla hugsanlegrar aðildar að ESB.

Niðurstaðan er að sjálfsögu óhjákvæmileg – en Geir tókst að hljóma eins og hér væri leikinn enn einn biðleikurinn í skák einhverra manna sem eiga fyrir löngu að vera hættir að skipta nokkru máli í íslensku þjóðlífi. Hann hljómaði eins og frestari.

Og samt er nú mál að linni. Mál að linni þessu dýrasta einkaflippi Íslandssögunnar sem varðstaða Davíðs Oddssonar um íslensku



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Landstjórinn

krónuna hefur verið. Við virðum og elskum íslenska tungu, lopapeysuna, burstabæinn, lóna og jökulinn, ýsuna og vísuna. En íslenska krónan? Eins mætti tilbiðja íslenska rónann...

Mál að linni setu Jónasar Fr. Jónssonar yfir Fjármálaeftirlitinu. Hann er eflaust ýmsum kostum búinn en að hafa yfir Fjármálaeftirlitinu frjálslyggjumann sem er samkvæmt skilgreiningu andvígur eftirliti er eins og að gera Jón Steinar Gunnlaugsson að biskupnum yfir Íslandi.

Mál að linni ráðuneytisstjórnar Baldurs Guðlaugssonar sem brást við töfundum af Icesave á fundi með Darling með því að selja eigin hlutabréf í Landsbankanum. Hann situr enn – ætlar kannski Flokkurinn að gera Árna Johnsen aftur að formanni byggingarnefndar Þjóðleikhússins?

Afglapanir sitja enn og luma á sömu úrræðum og komu öllu í kaldakol. Þegar þetta er skrifað upp úr hádegi á sunnudegi er búið að tilkynna að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn muni taka fyrir láns-umsókn Íslendinga á miðvikudag og látið liggja að því að samkomulag sé í auglýsingu um Icesave. Þar hafa Íslendingar verið neyddir til að fallast á kröfur sem blasti við að þeir yrðu að ábyrgjast fyrir mörgum vikum. En frestuðu því að feisa það.

Enn vitum við ekki hvað gerðist –

en man grunar ýmislegt. Gordon Brown heldur því fram að að háar fjárhæðir hafi verið fluttar úr sjóðum Icesave til Íslands. Er það satt? Því hefur ekki verið svarað með öðru en með þessum vanalega derringi og lagabrugli úr Grágás. Hér heima láta íslenskir ráðamenn eins og nýtt þorskastríð geysi en þeir treystu sér hins vegar ekki til að standa fyrir máli sínu á opinberum vettvangi í Englandi í kjölfar laganna – í gamla daga fór Jónas Árnason með sitt riggaröbb og kvað alla í kútinn í enska sjónvarpinu.

Eitthvað sem ekki var hægt að ræða núna? Eða var bara verið að fresta?

Íslenskir ráðamenn hafa gert íslenska þjóð að viðundri með ósæmilegu flaðri upp um Rússa, frekar en að ræða eins og menn um skuldbindingar þjóðarinnar. Agnarlítill von er þó til þess að Íslendingar verði á ný þjóð meðal þjóða – en að vísu ákaflega sneypuleg þjóð: eins og fyllybitta sem delerað hefur í vinnustaðapartí og þarf að mæta í vinnuna á mánudegi. Og langar að fresta því.

En mánudagar renna alltaf upp. Og kannski eru þeir aldrei jafn slæmir og frestarinn heldur. Því verður ekki frestað að takast á við hann og það er í sjálfu sér góð tilfinning.

„Vonin styrkir veikan þrótt/ vonin kvíða hrindir, vonin hverja vökunótt/ vonarljósin kyndir,“ orti Páll Ólafsson.

Það er alltaf von. Meira að segja órlítill vonartýra að íslenska þjóðin öðlist á ný virðingu annarra þjóða og jafnvel sjálfrar sín. En forsenda alls er þá að skipta um landstjórn og mannskap í stjórnkerfinu – algjörlega – hleypa nýrri kynslóð að, unga fólkinu. Því verður ekki frestað.

Siðfræði Kauphallarinnar

UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um nýju bankaráðin

Skipuð hafa verið bankaráð í endurreist- um ríkisbönkunum þremur, Glitni, Kaupþingi og Landsbanka. Skipan í bankaráð endurspeglar að nokkru valdahlutföllin í pólitíkinni, þrjár frá stjórnarmeirihluta og tveir frá stjórnarandstöðu í hverju ráði. Þarna er að finna gömul andlit og ný.

Jákvætt við listann yfir bankaráðsfólkið er að þarna er að finna fjölbreyttari flóru sjónarmiða en í stjórnnum bankanna undanfarin einkavinavæðingarárin. Þá var þar bara eitt viðhorf ríkjandi: Fylgispækt við auðhyggju.

Í forsíðufrétt Fréttablaðsins föstudaginn 7. nóvember segir frá því að Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð og Kauphöllin séu nú að leggja „lokahönd“ á leiðbeiningar um stjórnunarrhætti í opinberum fyrirtækjum. Þar komi fram að varast beri „að of margir stjórnarmenn komi úr stjórnsýslunni“.

Mikið er gott til þess að vita, að nú þegar bankarnir eru að komast aftur undir almannaforsjá eftir að



ÖGMUNDUR JÓNASSON

stjórnendur þeirra höfðu dregið þjóðina út í dýpra spillingarfen en Íslendingar hafa fengið að kynna til þessa, skuli þjóðin fá leiðsögn frá siðfræðisérfræðingum Kauphallarinnar, SA og Viðskiptaráðs.

Fréttablaðið segir að þeir vafi eindregið við því að fólk „úr stjórnsýslunni“ (hvað þýðir það, allir sem starfa innan almannaþjónustunnar?), komi nálægt stjórnnum bankanna!

Hverjir skyldu þessir sérfræðingar í siðfræði annars vara? Sömu aðilar og kröfðust þess í vor leið að lifeyrissjóðirnir yrðu notaðir í vognarviðskipti og skortsölubrask?

Það vildi Kauphöllin. Það vildi Viðskiptaráð. Það vildi SA. Erum menn nokkuð búinir að gleyma? Og hvaða skelfilega fólk skyldi það vera úr stjórnsýslunni sem er svo varasamt að allt sé vinnandi til að koma í veg fyrir að það sitji í stjórnnum banka og annarra stofnana í opinberri eigu?

Vill heilög þrenning Kauphallarinnar, SA og Viðskiptaráðs halda áfram að hagsmunatengja bankana við markaðsaðila? Er ekki einmitt mikilvægt að skera á slík tengsl?

Höfundur er alþingismaður.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGAUFÉLAG: 365
 RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is
 AÐSTODARRITJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Ísnn 1670-3871



Við komum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma þínum til skila og sparðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirlöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330



Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæj | www.posthusid.is

JÓLASTJARNA er viðkvæmt blóm og mikilvægt að vernda hana fyrir kulda og trekki. Jólástjörnu má þó heldur ekki verða of heitt en henni líður best í talsverðri birtu. Jólástjörnu er best að vökva með volgu vatni.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

STIGAR
Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

- * Beygjanlegir Handlistar & Gólflistar
- * Loftastigar, Innihurðir, Gerefti
- * Gólflistar, Franskir gluggar í hurðir
- * Smíðum Harmonikkuhurðir eftir máli
- * Bilkerur úr Áli frá Ansems í Hollandi

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Patti lagersala **VERÐHRUN**

50% AFSLÁTTUR

af öllum rúmum út nóvember

Verðdæmi með afslátti:
90 x 200 cm Verð frá Kr. 44.450,-
120 x 200 cm Verð frá Kr. 55.950,-
150 x 200 cm Verð frá Kr. 67.450,-
180 x 200 cm Verð frá Kr. 80.950,-

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Þær láta fara vel um sig, Margrét Erla Maack og tveggja ára frænka hennar, Ragnheiður Eyja Ólafsdóttir, Egilssonar. Sú litla þykist eiga heilmikið í leikhússtólum líka, enda upprennandi leikhúsmær og þegar búin að standa tvisvar á sviði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hlegið og grátið í rauðu

Rauðir, með hvítum grímum þeirra systra Gleði og Sorgar, hafa stólarnir í Þjóðleikhúsinu hvílt leikhúspyrst bein landsmanna í hartær sextíu ár. Sumir hafa slitnað, verið skipt út og þá eignast ný heimkynni.

„Það var fyrir nokkru að hluti stóla í Þjóðleikhúsinu var endurnýjaður og fáeinir stakir stólar seldir, en mamma fékk einn lúinn að launum fyrir vinnu við grillveislu utan við leikhúsið. Stólinn færði hún svo nórðinum mér og mér þykir einstaklega vænt um hann,“ segir útvarpskonan, plötusnúðurinn og magadanskennarinn Margrét Erla Maack þar sem hún lætur fara vel um sig í rauðu þjóðarstolti, sem í bland geymir sögu leikhússins og upplifanir gesta.

„Ég er svo lánsöm að eiga foreldra sem þótti skemmtilegra að hafa mig með en að fá þessum fyrir mig í æsku, og fékk því snemma að fara með þeim á fullorðinsýningar í leikhúsið. Amma mín og nafna,

Margrét Erla Guðmundsdóttir, kenndi mér síðar að sækja frumsýningar og sagði mikilvægast að mæta alltaf hálf tíma fyrr svo maður gæti heilsað þeim sem maður vildi heilsa,“ segir Margrét Erla og hlær dillandi hlátri, en glaðværd hennar og hispursleysi í Popplandi Rásar 2 hefur margan hlustandann smitað.

„Lítill frænka mín er afar leikhússinnuð, enda dóttir tveggja leikara og ömmubarn Þjóðleikhússtjóra. Með henni er upplifun að sækja leiksýningar, því hún hughreystir mann á réttum stöðum, þegar von er á tröllum og öðrum forynjum á sviðið. Hún á heilmikið í þessum stól með mér og féll í stafi þegar hún sá hann fyrst: „Þetta er leikhússtóll!“ hrópaði hún í lotn-

ingu. Við förum því í leikhússleiki í stólum þegar hún heimsækir mig,“ segir Margrét, sem tyllir sér helst á virðulegan leikhússtól af efri svölunum þegar hún kíkir á Facebook.

„Ég sanka að mér ýmsu, en aðallega er mamma fundvís á hluti handa mér. Ég átti orðið heilmikið af peningum sem hurfu í bankakreppunni og því enn föst í litlu herbergi hjá mömmu og pabba, sem orðið er sneisafullt af innanstokksmunum og allar geymslur fullar. Á undanförunum jólam hef ég fengið svona farðu-að-drífa-þig-að-heim-an-gjafir, eins og ostaskera og hvítlaukspressu, og fyrirfram gefnar brúðargjafir, eins og Kitchen Aid-hrærivél sem stendur nú og safnar ryki!“

thordis@rettabladid.is



SIEMENS



Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 - Sími 520 3000
www.sminor.is



ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00



www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

HEIMILI

ÚTSAUMUR er nokkuð sem notalegt getur verið að dunda sér við á köldum vetrarkvöldum. Nú er akkúrat rétti tíminn til þess að sauma fallegan jóladúk eða dagatöl handa börnunum.



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

VINNUVÉLA- NÁMSKEIÐ

**Næsta
námskeið
hefst
21. nóv. n.k.**



 **Útka- og vinnuvélaskólinn ehf.**
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNÞRITUN Í SÍMA 588-1414

ALLT NÁM
Alla þriðjudaga

Bragarbót á heimilinu

Fallegt veggfóður getur lífgað upp á heimilið svo um munar.

Ferm Living er danskt fyrirtæki sem hannar og framleiðir lífsstílsvörur og fjölbreytt veggfóður. „Vörur okkar eru ætlaðar fólki sem hefur áhuga á hönnun og er óhrætt við að gera djarfar tilraunir á heimilinu.“ segir hönnuðurinn og framkvæmdastjórinn Trine Andersen. „Innblásturinn kemur úr ýmsum áttum og tekur hönnunin mið af tísku-straumum, náttúrunni, arkitektúr og jafnvel gömlum útsaumsmunstrum.“

Hægt er að fá veggfóður í barnaherbergi og aðrar vistarverur en með því að veggfóðra einn vegg er hægt að lífga upp á heimilið svo um munar. Þá fást púðar og ýmsir smáhlutir í stíl. Sjá nánar á slóðinni www.soukshop.com.



Rush Hour heitir þetta skemmtilega strákaveggfóður.

MYND/FERM LIVING



Fyrir skvisuna.



Fallegt í stofuna.

TÓMSTUNDAVÖRUR FYRIR SAMHELDAR FJÖLSKYLDUR

Poolborð, pókersett, skákborð, fótboltaspil, píluspjöld, klassískir spilakassar, húsgögn og fleira



Pókersett, poolborð, skákborð, fótboltaspil, píluspjöld,



húsgögn, barir, klassískir spilakassar og fleira.

ERUM Í
SAMNINGSSKAPI
Í NÝJU HÚSNÆÐI!

Hobby Room



HOBBY ROOM · ÁRMÚLI 38, SELMÚLAMEGIN · REYKJAVÍK · HOBBYROOM.IS

Getum bætt við okkur eignum á skrá



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala :: Lágmúla 7 :: 108 Reykjavík :: sími 535_1000

Porlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fasteignasali



fasteignir

17. NOVEMBER 2008

Hefurðu kynnt þér kaup á búseturétti?



Með kaupum á búseturétti færðu það sem máli skiptir; **heimili**

Hafðu samband og kynntu þér málið!

BÚSETI™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Sími: 520 5788 · Veffang: www.buseti.is



Krókabyggð er í grónu hverfi í Mosfellsbæ.

Verönd í suður og austur

Fasteignasalan Eignamiðlun hefur til sölu 97,2 fermetra endaraðhús á einni hæð í grónu hverfi við Krókabyggð í Mosfellsbæ.

Húsið stendur á vel gróinni 383,2 fermetra eignarlóð og aðkoma er að vestanverðu. Gott bílaplan er fyrir framan húsið og gróinn og afgirtur garður til suðurs og vesturs.

Komið er inn í forstofu með forstofuskáp. Inn úr forstofu er gengið inn í alrými. Á hægri hönd eru stofa, borðstofa og eldhús. Í eldhúsi er hvít L-laga innrétting með svartri granítborðplötu. Flísalagt

er á milli efri skápa og borðplötu með glermósaík. Í innréttingu er blástursofn ásamt keramik helluborði. Öll eldhústæki eru frá Gorenje. Í eldhúsi er borðkrókur við V-laga glugga sem gefur mikla birtu.

Borðstofan og stofan eru rúm-góðar með mikilli lofthæð. Úr stofu er góður gluggi út í garð til suðvesturs. Alrými, stofur og eldhús, ásamt baðherbergi, eru flísalögð með ljósum flisum. Baðherbergið var endurnýjað fyrir um tveimur árum og er flísalagt í hólfi og gólf, með baðkari og innréttingu. Umhverfis baðkar og ofan á innréttingu er ljós marmaramósaík frá Vídd. Hiti er í gólfi,

einnig er handklæðaofn og upphengt Starck-salerni og blöndunartæki.

Innst á gangi eru tvö góð svefnherbergi sem eru parketlögð með sérvöldum fjalla-hlyni frá Agli Árnasyni. Barnaherbergið er vinstra megin með glugga í austur og úr því er samanbrotinn stigi upp á efra loft með góðu geymsluplássi. Þar við hlið er gott hjónaherbergi með fataskáp og úr því er gengið út á 50 fermetra afgirta timburverönd í austur og suður. Á veröndinni er ágætur verkfæraskur og einangrað smáhýsi.

Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. Ásett verð er 29,8 milljónir.



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á láns tíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft að aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969


Íbúðalánasjóður

HÚSNÆÐI TIL LEIGU



Krókavað Rvk. Glæsileg ný 128 fm neðri sérhæð í tvíbýli 3 svefnherb. Stofa eldhús flísalagt baðherb. Sér þvottah. innan hæðar. **Nánari uppl. 821-0700**



Gullteigur Rvk. Ný 147 fm sérhæð á tveimur hæðum 3 svefnh, stofa, eldhús og flísal. baðherb. Sér þvottahús á hæðinni. **Nánari uppl. 821-0700**



Bústaðavegur Rvk. Glæsileg 135 fm hæð og ris, Tvö til þrjú svefnh, nýtt eldhús, nýtt baðherb. parket á gólfum. Allt endurnýjað að innan. **Nánari uppl. 821-0700**



Svöltjörn Reykjanesb. 170 fm einbýli auk 32 fm bílsk alls 204 fm. 3 svefnh. stofa, eldhús og flísal baðh. innangengt í bílskúr. **Nánari uppl. 821-0700**



Hellubakki Selfossi Vandað nýtt 183 fm einbýli á einni hæð. 3 svefnh, stofa, eldhús og flísalagt baðh. innangengt í bílskúr og þvottah. **Nánari uppl. 821-0700**

Vindakór Kóp. 110 fm 3ja herb. Íbúð.
Breiðvangur Hafnarf. 157 fm 6 herb. íbúð.
Álfkonuhvarf Kóp. 107 fm 3ja herb. íbúð.
Vesturholt Hafnarf. 213 fm einbýli.
Ystibær Rvk. 92 fm + 26 fm bílskúr.
Grettisgata Rvk. 84 fm einbýli.

LEIGUHLÍÐ EHF.
S: 821-0700

FASTEIGNASALA ÍSLANDS

VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066
 Haukur Geir Garðarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS



ÞVERHOLT 11, MOSF. – OPIÐ HÚS
 Vorum að fá í einkasölu snyrtileg 4ra herb. 114,4 fm íbúð á 2. hæð á góðum stað miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stofa, eldhús, 3 rúmgóð herbergi, fatah. innaf hjónah. Þvottahús innaf baðh. Geymsla innan íbúðar. Stutt í verslun og þjónustu. Skipti möguleg. Tilboð óskast. **OPIÐ HÚS KL. 18.30-19 Í DAG.**



BOÐAGRANDI – BÍLSKÝLI -LÆKKUÐ
 Vorum að fá í einkasölu góða 4ra herbergja útsýnisíbúð á 3. hæð í lyftuhúsi ásamt staði í bílskýli, á þessum vinsæla stað. Hol, stofa með suðvestursvölum, 3 svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Góð sameign. Hús nýlega yfirfarið og málað. **SKIPTI ATH. LÆKKAD VERÐ 25,9 MILLJ.**

FOLDAHVERF – EINBÝLI Á EINNI HÆÐ
 Vorum að fá í einkasölu fallegt einbýli á einni hæð ásamt stórum bílskúr samt. 185 ferm. Góð stofa og borðst. m. suður verönd, 4 svefnherb., gott eldhús, baðherb. og þvottahús. Falleg ræktuð lóð. Góð staðs. innst í botnlanga. **BEIN SALA EÐA SKIPTI. Ásett verð 57,8 millj.**



LJÓSHEIMAR - ÚTSÝNI
 Vorum að fá í einkasölu góða 4ra herb. útsýnisíbúð á 8. hæð (efstu) í nýlega klæddu fjölbýlishúsi. Stofa með vestursvölum og gígaútsýni. Fallegt eldhús m. hvít-sprautul. innr., 3 svefnherb. og baðherb. Góð sameign. Áhv. 15,1 millj. með 4,15% vöxtum. **Verð 24,9 millj. SKIPTI ATH. Á 2-3 HERB.**

VALLARGERÐI – KÓP. – HÆÐ
 Vorum að fá í einkasölu fallega og mikið endurnýjaða 5 herb. neðri sérhæð ásamt bílskúr sem er innr. sem íbúð. Eldhús m. nýl. innr. úr birkirót, stofa í suður, 4 svefnherb., baðherbergi. Parket og flísar á gólfi. Góður garður, góð staðsetning. **Áhvíl. um 27 millj. langtímalán á 4,15% vöxtum. SKIPTI ATH. Ásett verð 38,8 millj.**



Suðurlandsbraut 20
 Sími 533 6050
 Bæjarhrauni 22
 Sími 565 8000

Asparfell
 3ja m/bílskúr



Hagstætt verð. Falleg og vel skipulögð 93,6 fm 3ja herb. íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi sem býið er að klæða að utan. Íbúðinni fylgir 25,5 fm bílskúr. **Verð aðeins 19,9 millj.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Fjárfestu fyrir áramót:

Áhugaverð atvinnuhúsnaði við;

- Súðarvog 135 fm. verð: tilboð
- Skútuvog 400 fm. verð tilboð
- Miðhraun Gbæ 422 fm. verð tilboð.

Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798.

• Höfum kaupanda að góðu raðhúsi eða sérhæð í hverfi 104 Reykjavík,

Hafðu samband við Ásmund gsm 8953000 eða Runólf gsm 892 7798 á Höfða.

HRAUNHAMMAR
 F A S T E I G N A S A L A



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGGÖTU 4,

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



Selbraut – Seltjarnarnesi.

Afar vel staðsett um 267 fm endaraðhús með 42,0 fm innb. tvöf. bílskúr. Rúmgóðar stofur með útgangi í stóran sólskálka og þaðan út á um 42 fm svalir. 5 herbergi. Ræktuð hornlód í lokuðum botnlanga. Arkitekt Kjartan Sveinsson. **Verð 79,0 millj.**



Kambasel-3ja herb. m. sérinng.

Björt og vel skipulögð 101,4 fm íbúð á jarðhæð, ekkert niðurgrafin, með sér garði á þessum rólega stað. Þvottaherbergi innan íbúðar. Laus til afh. strax. **Verð 24,5 millj.**



Drekaugur-2ja herb.

Glæsileg 67 fm íbúð á jarðhæð auk sérgeymslu í nýlegu fjölþýli í þessu gróna hverfi. Hellulögð verönd út af stofu. Ljóst parket á gólfum. **MÖGULEIKI AD TAKA YFIR LÁN UM 20,0 MILLJ. Verð 21,5 MILLJ.**



Verðlaunaféð er hundrað þúsund dalir og kynning um heim allan. Hljómsveitin Sigur Rós mun bjóða sigursveit keppninnar hér á landi á tónleika sína í Laugardalshöll. Útvarpsstöðin X-íð 977 mun fylgjast vel með keppninni og útsendarar frá COD Music verða í salnum til að skoða keppendur með hugsanlega útgáfu í huga. Þær sveitir sem hafa áhuga á að taka þátt geta sent fyrirspurn á gboib.iceland@gmail.com.

LOGI Í BEINNI - SÉRSTAKUR
JÓLAÞÁTTUR



ALGJÖR JÓLASVEPPI
- HRINGIR INN JÓLIN



PIRATES OF THE CARIBBEAN:
AT WORLD'S END



DAGVAKTIN - ALLIR ÞÆTTIRNIR
SÝNDIR AFTUR FRÁ 8. DES



HARRY POTTER AND
THE ORDER OF THE PHOENIX



CHARLOTTE'S WEB



FLAGS OF OUR FATHERS



NATIONAL TREASURE:
BOOK OF SECRETS



24 REDEMPTION
- SÉRSTÖK BÍOMYND



MINNINGARTÓNLEIKAR
VILHJÁLMS VILHJÁLMSSONAR



MÝRIN



MADAGASCAR



Heima er best notalegri jól með Stöð 2

FRÁBÆRT
EINGREIÐSLUTILBOÐ
STÖÐ 2 OG STÖÐ 2 BÍÓ
Á AÐEINS
5.690 KR.
Á MÁNUÐI Í ÞRÍJA MÁNUÐI

JÓLADAGSKRÁ STÖÐVAR 2 HEFUR ALDREI VERIÐ BETRI:

JÓI FEL TÖFRAR FRAM HÁTÍÐARMATINN · BUBBI OG STÓRSVEITIN · SÁLIN – HÉR ER DRAUMURINN
PRISON BREAK · GREY'S ANATOMY · GOSSIP GIRL · KRYDDSÍLD · INNLENDUR OG ERLENDUR FRÉTTAANNÁLL
SJÁLFSTÆTT FÓLK · KOMPÁS · MANNAMÁL · SERENITY · CARS · WAR OF THE WORLDS · MOULIN ROUGE
MIRACLE ON 34TH STREET · SHREK THE HALLS · HOW GRINCH STOLE THE CHRISTMAS


skemmtilegri

> Jafnaði 22 ára gamalt skólámet

KR-ingurinn Brynjar Þór Björnsson byrjaði vel með Francis Marion-háskólanum í fyrriundirbúningi í 78-61 sigri á háskólanum Puerto Rico-Mayaguez í opunarleik tímabilsins. Brynjar Þór jafnaði 22 ára gamalt skólámet í leiknum með því að stela átta boltum í leiknum en gamla metið var frá árinu 1986 eða tveimur árum áður en Brynjar fæddist. Brynjar lék í 30 mínútur í leiknum, nýtti 6 af 13 skotum sínum þar af 3 af 9 þriggja stiga skotum, skoraði 15 stig og gaf 5 stoðsendingar.

sport
sport@frettabladid.is



HRAFNHILDUR LÚTHERSDÓTTIR SUNDKONA ÚR SH: HÉLT STYRKARKVÖLDVERÐ Í ÁSVALLALAUG Í GÆRKVÖLDI

Bjartsýn á að ná að safna fyrir ferðinni á EM

Sundkonan Hrafnhildur Lúthersdóttir ætla ekki að missa af öðru stórmótinu í röð þótt Sundsamband Íslands treysti sér ekki til að senda sundmenn á EM í 25 metra laug vegna fjárskorts. Þessi 17 ára stórefnilega sundkona missti af Ólympíuleikunum í Peking þrátt fyrir að ná lágmarki í 100 metra bringusundi þar sem Erla Dögg Haraldsdóttir gerði enn betur. Hrafnhildur ætla að fjármagna ferðina sjálf með aðstoð frá fjölskyldu og vinum.

„Það gengur ágætlega að safna,“ segir Hrafnhildur sem segist hafa fengið jákvæð viðbrögð þegar fólk frétti af söfnun hennar. „Við erum búin að stofna styrktarreiðing og fólk hefur verið að leggja inn á hann,“ segir hún en reikningsnúmerið er 0101-05-268231 og kennitalan er 640269-2789. Hrafnhildur viðurkennir að það hafi verið mikið áfall að heyra að hún kæmist ekki á Evrópumótið sérstaklega þar sem hún var nýbúin að missa naumlega af Ólympíuleikunum. „Það er mikil reynsla að fara

á EM og ég veit að maður þroskast mikið við það að fara á svona stórmót,“ segir Hrafnhildur sem ætla sér mikið í framtíðinni.

Hrafnhildur hélt styrktarkvöldverð í Ásvallalaug í gærkvöldi þar sem allur ágóðinn rann í styrktarsjóð hennar. Takmarkið er að ná að borga upp ferðina en Hrafnhildur verður í viku í Rijeka í Króatíu. „Við erum ekki með nákvæma tölu en við höldum að þetta sé í kringum 300 þúsund fyrir mig og Klaus Þjálfarinn minn. Ég er bjartsýn á að það takist,“ segir Hrafnhildur. Hún ætla ekki að láta peningamálin trufla sig við undirbúninginn. „Ég er bara að æfa á fullu og er ekki að hugsa of mikið út í þetta,“ segir Hrafnhildur. Hún ætla að keppa í 50 og 100 m bringusundi og í 100 m fjórsundi. „Ég held að ég sé alveg nálægt því að ná Íslandsmetunum og það væri alveg fínt ef ég myndi ná því. Aðalmarkmiðið mitt er að reyna að synda eins hratt og ég get. Ég ætla að reyna að bæta tímanum mína þó að það væri ekki um meira en nokkur sekúndubrot,“ segir Hrafnhildur en áður en hún fer til Króatíu keppir hún á ÍM í 25 metra laug um næstu helgi.

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express karla

Þór Ak.-Tindastóll 77-82 (39-39)
Stig Þórs: Cedric Isom 33 (6 stoðs.), Guðmundur Jónsson 15, Baldur Jónsson 15 (5 af 9 í 3ja), Jón Orr Kristjánsson 9, Bjarki Oddsson 2, Óðinn Ásgeirsson 2 (13 frák.), Bjarni Jóhannesson 1.
Stig Tindastóls: Darrel Flake 23 (9 frák.), Allan Fall 18 (8 stoðs.), Svavar Halldórsson 18, Isak Einarsson 10, Sören Flæng 6, Hreinn Birgisson 3, Helgi Viggóson 2, Halldór Halldórsson 2.
 Breiðablik-Grindavík 61-79 (30-43)
Stig Breiðabliks: Daniel Guðmundsson 18, Nem anja Sovic 18 (17 frák.), Halldór Halldórs. 9, Rúnar Ingi Erlingsson 6, Loftur Þór Einarsson 5, Kristján Sigurðsson 4, Birkir Heimisson 1.
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 21, Páll Kristinnsson 15, Guðlaugur Eyrjólfsson 9, Arnar Frey Jónsson 8 (10 stoðs., 8 frák., 4 stolnir), Davíð Páll Hermannsson 7, Brenton Birming ham 6, Þorleifur Ólafsson 6 (8 frák.), Nökkvi Már Jónsson 4, Morten Þór Szmiedowicz 3.
 Snaefell-FSU 88-61 (50-36)
Stig Snaefells: Sigurður Þorvaldsson 25, Hlynur Bæringsson 23 (12 frák.), Jón Ólafur Jónsson 23 (12 frák.), Gunnlaugur Smáráson 6 (6 stoðs.), Egill Egilsson 6, Magni Hafsteinsson 3, Atli Rafn Hreinsson 2.
Stig FSU: Tyler Dunaway 16, Vésteinn Sveinsson 13, Thomas Viglianco 11, Björgvin Rúnar Valentínsson 8, Sævar Sigurmundarson 6, Cristopher Caird 5, Steinar Aronsson 2.

STABA EFSTU LIÐA

KR	7	7	0	680-556	14
Grindavík	8	7	1	794-656	14
Tindastóll	8	6	2	651-627	12
Keflavík	7	4	3	590-571	8
Snaefell	8	4	4	632-574	8
Njarðvík	7	4	3	578-573	8
Þór Ak.	8	3	5	677-710	6
FSU	8	3	5	698-698	6
Breiðablik	8	3	5	608-677	6

Enska úrvalsdeildin

Everton-Middlesbrough	1-1
0-1 Gary O'Neil (8.), 1-1 Aiyegbeni Yakubu (65.)	
Hull-Man. City	2-2
1-0 Daniel Cousin (14.), 1-1 Stephen Ireland (36.), 1-2 Ireland (45.), 2-2 Geovanni (61.)	

Spænska úrvalsdeildin

Recreativo-Barcelona	0-2
0-1 Lionel Messi (52.), 0-2 Seydou Keita (86.)	
Eiður Smári Guðjohnsen var á bekknum.	

Meistaradeildin í handbolta

Ciudad Real-GOG Svendborg	37-26 (20-13)
Ólafur Stefánsson 4/2 - Ásgeir Ó. Hallgrímsson 4.	

Svavar aftur banabiti Þórs

Svavar Birgisson tryggði Tindastóli sigur í baráttunni um Norðrið gegn Þór á Akureyri í gær, annað árið í röð. Fyrsta tap Þórs á heimavelli er því staðreynd en þeir geta sjálfum sér um kennt. „Stálum sigrinum,“ segir Svavar.

KÖRFUBOLTI Tindastóll fór með sigur af hólmi í Norðurlandsslaganum gegn Þór í Iceland Express-deild karla í gær, 77-82, í æsispennandi leik. Þórsliðið var búið að vinna alla þrjá heimaleiki sína í vetur en með þessum sigri eru Stólarnir öruggir með 3. sætið eftir fjórða sigurinn í síðustu fimm leikjum sínum.

Stólarnir byrjuðu leikinn betur en með bættri vörn og upprisu Cedrics Isom tóku Þórsarar frumkvæðið.

Þeir höfðu 19-17 yfir eftir fyrsta leikhluta en Stólarnir gerðu röð mistaka í sókninni, en baráttan hélt þeim inni í leiknum. Þeir tóku tíu sóknarfráköst í fyrri hálfleik gegn tveimur Þórsara og fengu því oft tvö tækifæri til að klára sóknirnar. Þeir nýttu sér það vel en Þórsurum gekk illa að ráða við Allan Fall sem skoraði fimmstán stig í fyrri hálfleik en hafði svo hægt um sig.

Staðan í hálfleik var jöfn, 39-39. Stólarnir byrjuðu betur í seinni hálfleik en með tuttugu stigum gegn þremur komust Þórsarar í þægilega stöðu í upphafi fjórða leikhluta. Stólarnir neituðu þó að gefast upp. Þeir minnkðu muninn jafnt og þétt og þegar mínúta lifði leiks var staðan jöfn. Svavar Birgisson skoraði þá þriggja stiga

MIKILVÆG KARFA Svavar Birgisson skoraði stærstu körfu leiksins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

körfu fyrir Stólana, sókn Þórsara gekk ekki upp og Stólarnir hrósuðu sigri.

„Það var tímabært að hitta einhverju í leiknum, ég valdi rétta augnablikið fyrir það,“ sagði Svav-

ar brosmildur eftir leikinn. „Þetta er sérstaklega sætt í nágrennslaganum. Rúgurinn er mikill undir niðri,“ sagði Svavar sem segir liðið hafa stolið sigrinum.

„Við vorum eiginlega bara lélegir í þessum leik og það hefði ekki verið ósanngjarnt ef Þórsarar hefðu unnið. Við stálum þessu í rauninni. Við hengum bara í leiknum út af baráttunni,“ sagði Svavar sem skoraði flautukörfu sem tryggði Stólunum sigur á síðasta tímabili líka. „Það er gott að spila á Akureyri,“ sagði hann glettinn.

Þjálfari Þórs var eðlilega ekki jafn kátur. „Lengi virtist bara vera ákveðið andleysi í gangi sem ég á erfitt með að útskýra. Það er eitt-hvað sem við þurfum að ræða og taka á, af hverju við spilum ekki í 40 mínútur af fullum krafti,“ sagði Hrafn Kristjánsson, sem var ósáttur með sjálfan sig í fjórða leikhlutanum.

„Ég er drullu svekkur með sjálfan mig. Mér fannst ég vera með leikinn í það góðri stöðu í byrjun fjórða leikhluta til að geta siglt honum heim því liðið var klárlega komið í þann girinn. En í þetta skiptið fannst mér ég ekki vera nógu einbeittur. Ég verð líka að vera gagnrýninn á sjálfan mig,“ sagði Hrafn.

Óðinn Ásgeirsson er enn að stiga upp úr meiðslum og hann fann sig ekki og munar um minna fyrir Þór. Þar var Cedric Isom enn og aftur í sér-flokki og er erfitt að sjá liðið án hans. Hann skoraði 33 stig. Darrel Flake var stigahæstur Stólanna með 23 stig. - hph



KR í MYNDINNINNI Hólmfríður Magnúsdóttir er ekki búin að ákveða að fara út.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Með samning í höndunum

FÓTBOLTI Landsliðskonan Hólmfríður Magnúsdóttir var ánægð með allar aðstæður úti í Kristianstad og er komin heim með samningstilboð frá sænska liðinu.

„Ég er búin að fá samning frá þeim og mun fara vel yfir hann með umboðsmanninum mínum. Ég ætla að hugsa þetta vel og ég er heldur ekki búin að ákveða það hvort ég ætla út eða ekki. KR er alveg ennþá inni í myndinni,“ sagði Hólmfríður í gær. Hún veit af áhuga annarra erlendra liða en segist bara vera í viðræðum við Kristianstad. - óóó



TÍMAMÓT Valur Ingimundarson þekkir það vel að mæta KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valur Ingimundarson í kvöld:

Fimmtugasti leikurinn við KR

KÖRFUBOLTI Valur Ingimundarson mætir í kvöld í DHL-höllina með lærisveina sína í Njarðvík sem ætla að reyna að vinna topplið KR, fyrst allra liða í vetur.

Þetta er tímamótaleikur fyrir Val sem þarna stjórnar liði í fimmtugasta sinn á móti KR á Íslandsmóti. Valur hefur mætt KR í 42 leikjum í deildarkeppni og 7 leikjum í úrslitakeppni. Hans lið hafa haft betur í 27 af þessum 49 leikjum sem þýðir 55 prósent sigurhlutfall.

Sigurhlutfall Vals með Njarðvíkurliði á móti KR-ingum er reyndar mun glæsilegra því undir hans stjórn hafa Njarðvíkingar unnið 15 af 17 leikjum eða í 88 prósentum leikjanna. Það er reyndar orðið langt síðan hann stjórnar Njarðvík síðast á móti KR en það var þegar Njarðvík sló KR út úr átta liða úrslitum úrslitakeppinnar 13. mars 1995.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 og þá mætast einnig ÍR og Skallagrímur í Seljaskóla og Keflavík-Stjarnan í Toyota-höllinni í Keflavík. - óóó

Tveir jafnteflisleikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni:

Hull fékk loksins stig

FÓTBOLTI Það urðu jafntefli í báðum leikjum ensku úrvalsdeildarinnar í gær og í bæði skiptin voru það heimaliðin sem jöfnuðu metin í seinni hálfleik.

Brasilíumaðurinn Geovanni kom í veg fyrir fjórða tap Hull í röð þegar hann tryggði nýliðunum 2-2 jafntefli á móti sínu gömlu félögum í Manchester City. Bæði lið byrjuðu á því að gefa hvort öðru mark með skelfilegum varnarmistökum en Stephen Ireland kom síðan City yfir á lokamínútu fyrri hálfleiks.

Everton náði ekki að vinna sinn fjórða leik í röð þegar liðið gerði 1-1 jafntefli við Middlesbrough á heima-

SEX MÖRK Geovanni hefur slegið í gegn hjá Hull.

NORDICPHOTOS/AFP

velli en eftir þennan leik hafa bæði lið leikið fimm leiki í röð án þess að tapa.

Yakubu kom til baka eftir meiðsl og jafnaði leikinn með sínu fyrsta marki í 10 leikjum. Gary O'Neil hafði komið gestunum í Middlesbrough yfir strax eftir átta mínútna leik.

„Við klúðruðum mörgum færum og höfum spilað betur,“ sagði David Moyes, stjóri Everton. „Við spilum mjög vel í fyrri hálfleik en okkur vantaði að fá annað mark. Við erum búnir að ná í 8 stig í síðustu fjórum útileikjum og höfum ekki tapað í síðustu fimm leikjum sem er eins gott gengi og það finnst í deildinni í dag,“ sagði Gareth Southgate, stjóri Middlesbrough. - óóó

Boltinn er hjá okkur!

Chelsea
Arsenal
29. nóv. - 1. desember

TILBOÐ Verð á mann í tvíþýli:
49.900 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum og miði á leikinn.

Arsenal
Portsmouth
27.-29. desember

Verð á mann í tvíþýli:
69.900 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum, Club level miði á leikinn og hótél með morgunmat í 2 nætur.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 115

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express





Skynsamleg
næring

Jakob Örn Sigurðarsson
landsliðsmaður í körfuknattleik

 **HERBALIFE**
sjálfstæðir dreifingaraðilar

> Mike Myers

„Lengi vel átti ég von á að hæfileika-löglegan myndi handtaka mig fyrir að vera loddari. Mér fannst svo gaman af því sem ég var að gera að það hvarflaði ekki að mér að það gæti verið löglegt.“

Myers fer með aðalhlutverkið í myndinni *So I Married an Axe Murderer* sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

dagskrá

**VIÐ TÆKID SVAVAR HÁVARÐSSON FÆR GÓÐAN GEST**

Velkominn, kæri raðmorðingi

Maður gleðst yfir litlu þessa dagana. Ég hafði efni á því að hafa rófustöppu með slátrinu í gærkvöldi, öfugt við tvo síðustu sunnudaga. Merkilegt hvað marín lifur, hörð fita og rúgmjöl getur smakkað vel. Ég sakna þess ekkert að borða glóðað lambafíllé með svepparjómásösu og brúnuðum kartöflum í vikulok. Ekki heldur að setjast við sjónvarpið með litra af súkkulaðis, með þykkri súkkulaðisösu og súkkulaðisþæni. Græn epli duga sem eftirmat-ur.

Annars getur það verið að ég hafi verið svona sáttur með kvöldkostinn af því að ég var með hugann við allt annað en matinn. Það var nefnilega fjölskylduvinur á leiðinni í heimsókn.

Eins og allir þekkja þá lifur oft langt á milli heimsókna. Ég legg það ekki á fólk að heimsækja það reglulega, bið alltaf eftir því að mér sé boðið. Það gerist sjaldan. Eins vil ég fá að bjóða fólk í



heimsóknir. Það gerist líka sjaldan. En svo eru þeir sem eru alltaf áfúsgestir og ég geri ekki þá kröfu að þeir láti vita af sér fyrirfram.

Dexter er einn þessara manna. Hann er einfari eins og ég. Lætur því ekki sjá sig löngum stundum. En svo birtist þessi elska, brosandi og hlýr; sleikir blóðið af hnífsegginni og heilsar kumpánlega. Eins og Íslendingur að sinna heimaslátruðu vegna kreppuástandsins þútar hann niður fórnarlömb sín og losar úrgang í sjóinn. Hann nýfir ekki innmatinn eins og við Íslendingar þessa dagana en hver veit nema hann komist á bragðið von bráðar.

Hann kemur líka alltaf á sama tíma og kveður um klukkustund síðar. Í hvert skipti sem hann býst til brottfarar, hugsa ég með mér hvað hann á gott. Hann drepur þá sem eiga það skilið. Og hann kemst upp með það. Því segi ég það aftur og enn. Vertu velkominn til Íslands, kæri raðmorðingi. Þín var sárt saknað.

EKKI MISSA AF**18.00 The Queen** STÖÐ 2 BÍÓ**20.25 E.R.** STÖÐ 2 EXTRA**21.00 Heroes** SKJÁREINN**21.50 Journeyman** STÖÐ 2**22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives)** SJÓNVARPIÐ**SJÓNVARPIÐ**

- 14.30 Edduverðlaunin 2008 (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Hanna Montana (10:26) (e)
- 17.53 Sammi (3:52)
- 18.00 Kólabræðurnir (66:78)
- 18.12 Herramenn (28:52)
- 18.25 Út og suður (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós

20.20 Líf með köldu blóði (Life in Cold Blood) (4:5) Breskur myndaflokkur eftir David Attenborough um skriðdyr og froskdyr.

21.15 Sporlaust (Without a Trace) (7:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólk. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery og Marianne Jean-Baptiste.

22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið | Þættinum verður fjallað um flest allt sem viðkemur íþróttum, sýnt frá helstu íþróttaviðburðum, farið yfir mál sem eru efst á baugi og rætt við íþróttafólk og íþróttáahugamenn.

22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives) (19:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Aðalhlutverk: Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh og Sterling K. Brown.

23.25 Spaugstofan (e)**23.50 Kastljós** (e)**00.30 Dagskrárlok****BÍÓ****08.00 To Walk with Lions****10.00 Inspector Gadget****12.00 The Queen****14.00 To Walk with Lions****16.00 Inspector Gadget****18.00 The Queen**

20.00 So I Married an Axe Murderer
Gamamynd með Mike Myers í aðalhlutverki um mann sem grunar að unnusta hans sé illræmdur axarmorðingi.

22.00 The Machinist**00.00 Cool Money****02.00 Palindromes****04.00 The Machinist****06.00 Raise Your Voice****STÖÐ 2**

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Stóra teiknimynda-stundin og Ruff's Patch.

08.15 Oprah**08.55 Í fínu formi****09.10 Bold and the Beautiful****09.35 La Fea Más Bella** (193:300)**10.20 America's Got Talent** (2:15)**11.15 Hell's Kitchen** (10:11)**12.00 Grey's Anatomy** (11:25)**12.45 Neighbours****13.10 Karroll's Christmas****14.40 Two and a Half Men** (21:24)**15.05 The New Adventures of Old Christine** (20:22)**15.35 Friends** (18:24)**16.00 Galdrastelpurnar****16.25 Leðurblökumaðurinn****16.45 Justice League Unlimited****17.10 Tracey McBean****17.23 Louie****17.33 Bold and the Beautiful****17.58 Neighbours****18.23 Markaðurinn og veður****18.30 Fréttir****18.47 Íþróttir****18.54 Ísland í dag****19.05 Veður****19.20 Kompás****19.55 The Simpsons****20.20 Extreme Makeover: Home Edition** (8:25)**21.05 Men in Trees** (7:19)

21.50 Journeyman (6:13) Dan Vassar er hamingjusamur fjölskyldufaðir en líf hans tekur skyndilega stakkaskiptum þegar hann öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka.

22.35 The Unit (17:23) Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta sem fjalla um stórf leyfilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leyfilegustu ferðir sem upp koma.

23.20 London**00.50 Karroll's Christmas****02.20 Highwaymen****03.40 Journeyman** (6:13)**04.25 Men in Trees** (7:19)**05.10 The Simpsons****05.30 Fréttir og Ísland í dag****SPORT**besta sætið

07.00 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

17.30 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

19.10 NFL deildin Útsending frá leik í NFL deildinni.

21.10 Utan valla Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttfréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni liðandi stundar.

22.00 Spænsku mörkin Allir leikimír og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

23.30 Þýski handboltinn - Hápunktar
Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handkattleikur á heimsmælikvarða.

23.10 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

23.55 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

SPORT 2enski boltinn

07.00 Enska úrvaldeildin Útsending frá leik Hull og Man. City í ensku úrvaldeildinni.

16.05 Enska úrvaldeildin Útsending frá leik Hull og Man. City í ensku úrvaldeildinni.

17.45 Enska mörkin Allir leikimír umferðarinnar í ensku úrvaldeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

18.45 PL Classic Matches Liverpool - Chelsea, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvaldeildarinnar.

19.15 Enska úrvaldeildin Útsending frá leik Fulham og Tottenham í ensku úrvaldeildinni.

21.00 Enska mörkin Allir leikimír umferðarinnar í ensku úrvaldeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

22.00 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaðeiti.

22.30 Enska úrvaldeildin Útsending frá leik WBA og Chelsea í ensku úrvaldeildinni.

SKJÁREINN**06.00 Óstöðvandi tónlist****08.00 Dr. Phil** (e)**08.45 Game tívi** (10:15) (e)**09.15 Vörutorg****10.15 Óstöðvandi tónlist****17.05 Vörutorg**

18.05 Dr. Phil Sjónvarpsálfredingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólk að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frá bætar sögur og gefur góð ráð.

18.50 Game tívi (10:15) (e)**19.20 Charmed** (9:22) (e)

20.10 Friday Night Lights (10:15)
Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fót-boltaíðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Fellibylur setur allt á annan endann en það eru fleiri stormar í aðsigi. Erkióvinirnir úr næsta bæ fá að nota að-stöðuna og það skapast stríðsástand í skólanum.

21.00 Heroes (2:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirlífgum hæfileikum. Það kemur í ljós hver skaut Nathan. Syler ákveður að heimsækja Claire á meðan Hiro og Ando fá það verkefni að gæta fjölskylduleyndamáls sem gæti sundrað veröldinni.

21.50 CSI: New York (13:21) Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félag hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Kona er skotin til bana fyrir utan blómabúð og skömmu síðar er tilkynnt um morð á manni í íbúð sinni skammt frá. Nú þarf rannsóknardeildin að komast að því hvort sami morðingi hafi verið að verki í báðum tilfellum.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 Dexter (1:12) (e)**00.20 Vörutorg****01.20 Óstöðvandi tónlist****SJÓNVARP NORÐURLANDS**

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á kfst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

CSI REYKJAVÍK

Einstök innsýn í störf tæknideildar rannsóknarlögreglunnar við lausn sakamála.

KOMPÁS Í KVÖLD KL. 19:20 Í OPINNI DAGSKRÁ

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05
Men in Trees

Önnur þáttaröð um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist. Hún hefur nú komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Marin virðist hafa fundið hinn eina rétta í Jack sem er hlédrægur, myndarlegur og afar heillandi maður. Marin finnur símanúmer óþekkrar konu í fórum Jacks á meðan hann er í burtu að rannsaka hvali.

Celia leggur til að Annie aðstoði Patrick við að rifja upp hans fyrra líf en á meðan varpar Jane sannkallaðri sprengju á Marin.



► VIÐ MÆLUM MED
C.S.I.: New York
Skjäreinn kl. 21.50

Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félag hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Kona er skotin til bana fyrir utan blómabúð og skömmu síðar er tilkynnt um morð á manni í íbúð sinni skammt frá. Nú þarf rannsóknardeildin að komast að því hvort sami morðingi hafi verið að verki í báðum tilfellum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregnir	16.10 Veðurfregnir
06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
07.30 Fréttayfirlit	17.03 Viðsjá
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Auðlindin
09.45 Morgunleikfimi	18.23 Fréttayfirlit og veður
10.03 Veðurfregnir	18.26 Spegillinn
10.13 Stefnumót	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Kvika
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.45 Veðurfregnir	22.07 Veðurfregnir
13.00 Viltt og breitt	22.12 Orð kvöldsins
14.03 Bak við stjörnurnar	22.15 Ársól
15.03 Útvarpsagan: Bulgari sambandið	23.05 Á tónsviðinu
15.30 Heimsauga	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 **Hollyoaks** (60:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 **Hollyoaks** (61:260)

17.00 **Seinfeld** (1:24)

17.25 **E.R.** (11:25)

18.10 **My Boys** (10:22)

18.35 **Happy Hour** (2:13)

19.00 **Hollyoaks** (60:260)

19.30 **Hollyoaks** (61:260)

20.00 **Seinfeld** (1:24)

► 20.25 **E.R.** (11:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.10 **My Boys** (10:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

21.35 **Happy Hour** (2:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfseks-um og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

22.00 **Dagvaktin** (9:12)

22.30 **Numbers**

23.15 **Fringe** (6:22)

00.00 **Kenny vs. Spenny** (10:13)

00.25 **Sjáðu**

00.50 **Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

INN

20.00 **Hrafnaþing** í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Hann ræðir við gest sinn um stjórnmál liðandi stundar.

21.00 **Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún kafar ofan í sálarlíf gests síns.

21.30 **Á rétttri leið.** Katrín Júlíusdóttir þingkona Samfylkingarinnar setur fram skoðanir sínar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.50 Venstres landsmøde 12.20 Reimers 12.55 OBS 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 14.55 Skum TV 15.10 Tjenesten de luxe 15.35 Naruto 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Emil fra Lønneberg 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Supernabo 19.00 Sex, magt og intriger 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Inspector Rebus 22.10 OBS 22.15 Hvor kragerne vender 23.00 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Jessica Fletcher 13.00 NRK nyheter 13.05 Hairy Bikers kokebok 13.35 Allo, Allo! 14.00 NRK nyheter 14.03 AF1 14.30 Keiserens nye skole 15.00 NRK nyheter 15.10 H2O 15.35 Animalia 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Smá Einsteins 17.25 Gjengen på taket 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Fåktor 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Sommer 21.30 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Dalziel og Pascoe 23.45 Nytt på nytt

1* SVT 1

11.55 Fröken Vildkatt 13.40 Andra Avenyn 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Bobster 15.30 Skrotnisse och hans vänner 15.45 Pi 16.00 Jultomtens lärling 16.15 Romi Racerbil 16.25 Mona och Mastiff 16.30 Krokodill 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Livet i Fagervik 19.45 Toppform 20.15 Folk i bild 2008 20.30 Hockeykväll 21.00 N'Deaye och jag 22.00 Kulturyheterna 22.15 Dansbandskampen 23.45 Sändningar från SVT24



SKEYTI

Kæri viðtakandi.

Nú getur þú sent persónulegri og skemmtilegri skeyti sem þú getur skreytt með þínum eigin myndum. Það er upplagt að nota stafrænu myndirnar til að gleðja vini og vandamenn með áþreifanlega góðri kveðju.

Það eina sem þú þarft að gera er að fara á www.postur.is, velja mynd, skrifa skemmtilegan texta og við afhendum skeytið beint til viðtakenda.

Kær kveðja,

Pósturinn





„Stundum hlusta ég á Pavarotti og stundum hlusta ég á Eivör og Bubba, það fer eftir því hvað ég þarf mikinn kraft í vinnuna. Svo hlusta ég á Bylgjuna líka.“

Sólveig Hólmarsdóttir listakona.

Jón Ársæll lofar hörku Haarde

„Þetta er kjaftæði. Maðurinn er undir gríðarlegu álagi og mér sýnist eftir þessa daga með honum að hann vinni mjög vel undir álagi. Það getur sjálfsagt enginn ímyndað sér hvernig það er að verða að standa undir þessu öllu og hafa á sér öll spjót og geta samt farið fram úr á morgnana,“ segir Jón Ársæll Þórðarson sjónvarpsmaður.

Á sunnudag verður Geir H. Haarde gestur Jóns Ársæls í þáttaröðinni Sjálfstætt fólk á Stöð 2. Jón Ársæll lýsir því sem svo að hann hafi verið sem frímerki á enni forsætisráðherrans, í miðju fellibylsins í því umröti sem landið nú er í. Ekki er laust við að honum þyki spurning blaðamanns, sem gefur í skyn að það geti vart verið spennandi þáttur fram undan, um hvort forsætisráðherra sitji ekki bara með hendur í skauti og „haarderí“ eins og unglingarnir

segja í merkingunni að gera ekki neitt, dónaleg.

„Nei, Geir hefur vaxið í álitu hjá mér þessa daga og það hefur verið gríðarlega gaman að fylgjast með honum og sjá hvernig hann tekur á hlutunum. Það er heldur ekkert grín að mega ekki segja hlutina eins og þeir eru þar sem slíkt gæti skemmt fyrir í næsta leik og þannig virðist hann iðulega ekkert hafa að segja. Eg get því miður ekki svarað spurningu þinni „hvað er maðurinn að segja?“ en það er afskaplega fróðlegt að fá að vera þarna fluga á vegg og ég get því lofað hörkuþætti,“ segir Jón Ársæll.

- jbg

JÓN ÁRSÆLL Segir magnað að forsætisráðherra, undir þessu mikla álagi, skuli hreinlega orka að fara fram úr á morgnana.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ofstópi, 6. slá, 8. laus greinir, 9. tímabils, 11. mun, 12. ruddi, 14. yfir-stéttar, 16. tónlistarmaður, 17. hlaup, 18. í viðbót, 20. tveir eins, 21. fimur.

LÓÐRÉTT

1. atlaga, 3. íþróttafélag, 4. eyja, 5. sveig, 7. aðgættinn, 10. soðningur, 13. háttur, 15. óhapp, 16. kóf, 19. bókstafur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. áras, 3. fh, 4. síkiley, 5. íð, 7. árvakur, 10. soð, 13. lag, 15. gel, 18. auk, 20. yy, 21. frá.
LÁRÉTT: 2. ósji, 6. rá, 8. hið, 9. árs, 11. kv, 12. svolf, 14. aðal, 16. kk, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Dimitrí Medvedev.
- 2 Tæplega 80.000 manns.
- 3 Ævar Þór Benediktsson.

www.this.is/krossgatur

250 ÖKEYPIS KROSSGÁTUR

NÝ GÁTA Í HVERRI VIKU

FRÍÐRIK ÞÓR: KVIKMYNDIN BESTA VOPNIÐ Í KREPPUNNI

Fjórar íslenskar kvikmyndir klárar fyrir næsta ár

Fjórar íslenskar kvikmyndir eru að verða klárar til frumsýningar og verða sýndar árið 2009. Þrjár af þeim eru að öllu eða einhverju leyti leiknar á ensku. Þær eru R.W.W.M eftir Júlíus Kemp, The Good Heart í leikstjórn Dags Kára og Inhale sem Baltasar Kormákur leikstýrir. Brim er eina myndin af þessum fjórum sem er alfarið á íslensku en leikstjóri hennar er Árni Ólafur Ásgeirsson.

Á vef Kvikmyndamiðstöðvar Íslands má sjá að sjö kvikmyndir hafa fengið vilyrði fyrir framleiðslustyrk. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó aðeins ein búin að klára sína fjármögnun: Mamma Gó Gó eftir Friðrik Þór Friðriksson. „Við hefjum tökum á þessu ári. Í desember vonandi, til að fanga jólastemninguna,“ segir Friðrik í samtali við Fréttablaðið. Hann er mjög bjartsýnn fyrir hönd kvikmyndagerðar á Íslandi og segir ástandið vera ógrun fyrir kvikmyndagerðarfólk. „Nú er rétti tíminn til að blása í herlúðra til þess að ímynd okkar og þjóðarvitund skerðist ekki meir en orðið er. Kvikmyndin er mjög gott tæki til að bæta ímynd okkar. Eða það sagði Lenín,“ bætir Friðrik við. Fréttablaðið hafði samband við alla framleiðendur þeirra kvikmynda sem fengið hafa vilyrði fyrir styrk. Langflestir þeirra sögðu fjármögnunina vera í einhverri óvissu. „Við klárum vonandi fjármögnunina að Baldri í nóvember og stefnum á frumsýningu á næsta ári,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi hjá ZikZak. Baldur er kvikmynd eftir Róbert Douglas. Þórir bjóst ekki við að önnur verkefni á borð við The Whisperer eftir Ragnar Bragason og Gauragang Gunnar Björns Guðmundssonar færu í framleiðslu á árinu 2009. Agnes Johansen hjá Blue Eyes-framleiðslufyrirtæki Baltasars Kormáks sagðist ekki reikna með því að Sumarland Gríms Hákonar-

ÞESSIR FRUMSÝNA Á ÁRINU

Friðrik Þór Friðriksson, Júlíus Kemp, Árni Ólafur Ásgeirsson, Baltasar Kormákur og Dagur Kári frumsýna allir myndir á árinu 2009. Svartsýnustu menn spá því að aðeins verði ráðist í gerð einnar kvikmyndar á þessu ári: Mömmu Gó Gó eftir Friðrik Þór.



sonar færi í framleiðslu á næsta ári. „Fjármögnunin er ekki komin nógu langt á leið til að við getum lofað einhverju,“ segir Agnes. Í sama streng tók Anna María Karlsdóttir sem framleiðir kvikmynd Hilmars Oddssonar, Hátíð í bæ. „Við þurfum núna að reikna allt upp á nýtt,“ sagði Anna og gat ekkert staðfest. Snorri Þórisson hjá Pegasus var þó ögn bjartsýnn en margir biða þess eflaust spennir að sjá Ólaf Darra Ólafsson reyna sig við hlutverk Badda, hins skapstygga bloggara úr Roklandi,

skáldsögu Hallgríms Helgasonar. „Hún er í fjármögnunarferli. Það kemur síðan í ljós upp úr áramótum hvernig sú vinna skilar sér. Óskastaðan er auðvitað að frumsýna á næsta ári en það er töluverð óvissa fyrir hendi,“ segir Snorri. Ekki náðist í Leif Dagfinnsson, framleiðanda hjá True North, en fyrirtækið hefur á sínum snærum stórmyndina A Journey Home sem sem byggð er á skáldsögu Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Slóð fiðrildanna. Hinn danski Bille August leikstýrir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Heilræði í nammipoka er framlag sælgætisframléiðandans Nóa Síríusar til kreppunnar. Starfsmenn á vegum fyrirtækisins munu á næstu dögum heimsækja vinnustaði og deila út bland í poka og heilræðum frá frægum Íslendingum. Nokkrir vinnustaðir fengu forskot á sæluna á föstudag og meðal þeirra voru höfuðstöðvar Glitnis við Kirkjusand. Heimildir Fréttablaðsins herma að verkefninu verði formlega hleypt af stokkunum við Alþingishúsið og að **Helga Sigrún Harðardóttir**, eftirmaður Bjarna Harðarsonar, verði fyrsti þingmaðurinn til að fá svona poka.

Annars er merkilegt að renna yfir þá Íslendinga sem leggja málefnum líð með heilræðum sínum. Þeirra á meðal er að sjálfsgöðu **Bubbi Mort-hens** sem hvetur Íslendinga til

að halda áfram með lífið.

Sigríður Beinteinsdóttir leggur það til að landar sínir brosi og **Helga Braga** nýtir sér hið fræga slagorð Bobby McFerrin; Don't Worry, Be Happy. Meðal annarra Íslendinga í átaki Nóa Síríusar má nefna **Sigmar Vilhjálmsson** og

Diddú. Sjálfur **Laddi** leyfir síðan nokkrum af sínum þekktustu persónum að njóta sín á þessum heilræðiskortum og má þar nefna Elsu Lund, Skúla rafvirkja og Eirík Fjalár.

- fgg



Erótísk útleiga stendur í stað

„Nei, það er engin sérstök aukning í útleigu á erótísku efni hjá okkur í kreppunni,“ segir Friðrik Friðriksson hjá Skjábíói Símans. „Við sjáum helst þann mun að í október var mikil aukning í útleigu á ódýru efni, meðal annars íslenskum sjónvarpsþáttum sem kosta innan við tvö hundruð krónur og bíomýndum á niðurstætti verði. Fólk er greinilega að spá í aurinn.“

Skjárinn býður upp á mikið úrval mynda og þar á meðal erótískt efni fyrir harðfull-oröna. Það er vitanlega vandlega girt af frá öðru efni. „Útleigur hjá okkur skipta tugum þúsunda á mánuði og erótíkin er innan við tíu prósent af heildinni,“ segir Friðrik. „Maður hefur heyrt alls konar tróllasögur um þetta og sumir halda að erótíkin sé stærstur hluti útleigunnar. Það er tóm vitleysa.“



Prátt fyrir að Skjár einn, systurfyrirtæki Skjábíós, berjist í bökkum hefur Friðrik litlar áhyggjur af framtíð Skjábíósins. „Það má segja að við séum langvinsælasta videóleiga landsins. DVD-leigurnar hafa þó enn þá smá forskot á okkur með að bjóða nýjustu myndirnar. Þetta er að breytast um allan heim og ég er nokkuð viss um að DVD-leigurnar munu hafa misst forskotið á næsta ári.“

- drg

JENNA JAMESON
Einn skjólstaðingja Skjábíós.

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

Úrval fiskrétta í ofninn eða pönnuna.

Veljum íslenskt

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

70.7%



33.4%



Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft... **FRÉTTABLAÐIÐ** ...alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnpokaplássi
kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur


Með strætó í sumarfrí

Hversvegna eru ekki jólin sérhvern dag, sérhvert andartak, eins og fallett lag? söng Björgvin Halldórsson svo eftirminnilega um árið og svaraði eigin spurningu í næstu andrá: „Þá yrðu jólin bara hversdagsleg og sljó, engin hátíðarblær, enginn friður og ró“. En þegar farið er að stytta í undirbúning umræddra jóla finnst mér allt orðið eitthvað tuskulegt, ég er strax í upphafi kreppu komin með kreppuþreytu. Einmitt núna er hún hætt að vera æsandi, hneykslanleg eða jafnvel fyndin, heldur orðin hundleiðinleg, hversdagsleg og sljó. Aldrei fyrr hefur verið jafn áriðandi að gleðjast í hinu víðfræga nú, stundinni sem er akkúrat núna. Anda inn, anda út.

SEM er frekar snúið þegar hver hörmungin rekur aðra með sífelldum ógnunum um framtíðina. Eftir að hafa séð í anda kerti og spil um jólin og súrsaða bringukolla til hátíðarbrigða er ég hreint ekkert í núinu, heldur strax búin að afgreiða desember og farin að plana næsta sumar. Ímynda mér að fæstir þeirra sem yfirhöfuð verði svo heppnir að eiga rétt á sumarfrí muni eiga skotsilfur til að ferðast svona fimmtán kílómetra að heiman. Rándýrar utanlandsferðir verða bara til í minningunni sem börnum verður sagt frá í staðinn fyrir ævintýri á kvöldin.

FREKAR en að leggja í sorg og sít er hægt að sýna forsjálni og leggja drög að spennandi sumarleyfisferð fjölskyldunnar sem kostar bara strætómiða. Um nokkra hríð hefur verið prýðilegt sparnaðarráð að skipta á heimili í sumarfríinu við fólk einhvers staðar í Frakklandi eða á Ítalíu. Þá ágætu uppskrift getum við Íslendingar nú aðlagð þeirri sorglegu staðreynd að ferðasjóðurinn hefur með öðru verið gerður upptækur. Við einfaldlega skiptum á heimilum við fjölskyldur í öðru bæjarfélagi, helst ekki of langt í burtu. Þannig getur reykvísk fjölskylda skipt um hús við aðra í Hafnarfirði eða jafnvel Keflavík ef ætlunin er að hafa þetta mjög flott.

SUMARFRÍ í Hafnarfirði hefur ýmsa kosti. Til dæmis litla tungumálaerfiðleika og stutt í ágæta sundlaug. Þeir sem hingað til hafa notið þess að þræða framandi úti-markaði og allskyns gúrmeibúðir í fjarlægum útlöndum geta vappað glaðir í Fjarðarkaupum sem eru svo dáindis ólík Melabúðinni.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 17. nóvember, 322. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.04	13.13	16.21
Akureyri	10.05	12.57	15.49

Heimild: Almanak Háskólans



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

MIKA PÓRÞÓRSSON - 08.2018



Samtök iðnaðarins - www.si.is